



Fjórðungssamband  
Vestfirðinga



Þinggerð 65. Fjórðungspings Vestfirðinga - haust  
Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

Föstudaginn 9. október og laugardaginn 10. október 2020, var samkvæmt samþykktum haldið 65. Fjórðungsping Vestfirðinga – haust í fjarfundi. Voru þingfullrúar tengdir þinginu hver og einn með sinni tölvu en stjórnun þingsins var frá skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga á Ísafirði. Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

### **Pingsetning**

Hafdís Gunnarsdóttir formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga setti þingið að nýju en því var frestað þann 27. maí s.l., hún bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna. Gerði hún að tillögu að þingforseti yrði Jón Páll Hreinsson bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar og var það samþykkt einróma. Þingforseti tók síðan við stjórnun þingsins.

Þingforseti fór yfir leiðbeiningar við framkvæmd þingsins í fjarfundaformi áður en gengið var til dagskrá.

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjorðungsting/65thing/leidbeiningar-vegna-fjarthings.pdf>

Þingforseti þakkaði auðsýnt traust og kom með tillögu að varaþingforseti þingsins yrði Bragi Þór Thoroddsen, sveitastjóri Súðavíkurhrepps og var það samþykkt einróma. Þingforseti gerði tillögu þess efnis að þingritarar yrðu Agnes Arnardóttir og Guðrún Anna Finnbogadóttir, starfsmenn Vestfjarðastofu, var það samþykkt og tóku ritarar strax til starfa.

Þingforseti fór yfir tæknileg atriði þar sem fundurinn fór fram í fjarfundi, dagskrá verði skipt upp með reglulegum hléum. Þáttakendur hafi fullt nafn á skjá og stilli tölvur og síma þannig að kynningarglærur séu uppvíð (speakers view). Allar tillögur þingfulltrúa eigi að sendast með tölvupósti. Kosningakerfi hefur verið sett upp á þann hátt að hver og einn þingfulltrúi er skráður fyrir sínu atkvæðavægi og hugsanlegum umboðum sem sveitarstjórnarfulltrúi í hans sveitarstjórn hafi veitt honum. Verður sendur tölvupóstur á fyrirfram skráð netfang þegar kosningar fara fram.

Þingforseti bar upp tillögur að í Kjörnefnd sætu:

Baldur Smári Einarsson – formaður

Ingimar Ingimarsson

Arna Lára Jónsdóttir

Lilja Magnúsdóttir

Finnur Ólafsson

Var tillagan samþykkt og tók kjörnefnd strax til starfa.

Þingforseti gerði tillögu að formanni Fjórðungsmálanefndar:

Rebekka Hilmarsdóttir

Þingfulltrúar myndu svo skrá sig í nefndina.

Tillagan samþykkt

Þingforseti gerði tillögu að formanni Allsherjarnefndar:

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Þingfulltrúar myndu svo skrá sig í nefndina.

Tillagan samþykkt

Þingforseti tók fram að fjármálanefnd hafi verið kosin á 65. Fjórðungspingi Vestfirðinga, vorþingi og hafi starfað á milli þinga. Í nefndinni sitja

Daníel Jakobsson – formaður

---

Baldur Smári Einarsson  
Gerður Sveinsdóttir  
Eva Sigurbjörnsdóttir  
Sif Huld Albertsdóttir

Nú var gengið til dagskrár þingsins

### 1. Ávarp formanns

Hafdís Gunnarsdóttir formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga ávarpar þingið frá skrifstofu Fjórðungssambandsins. Ræddi hún samgöngumál, þar sem stórum áfanga er að ljúka með opnun Dýrafjarðargangna, eins væru verulegir áfangar í sjónmáli en samt mikil verkefni framundan í samgöngumálum sem og í öðrum innviðum. Hún lýsti áhyggjum af stöðu samfélaga og atvinnulífs vegna heimsfaraldurs kórónuveiru Covid19, tekjur drægjust saman en halda yrði þjónustu sveitarfélaganna í gangi. Hinsvegar yrði að horfa fram á veginn og móta ný verkefni m.a. innan Sóknaráætlunar Vestfjarða, þannig að samfélögin væru tilbúin til að taka til starfa þegar faraldurinn gengi yfir. Vísast að öðru leit til þingskjals nr. 4.

### 2. Ávörp gesta

#### Ávarp samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra – Sigurður Ingi Jóhannsson

Sigurður ávarpar þingið frá skrifstofu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis í Reykjavík. Hann þakkaði fyrir boðið að ávarpa þingið og þær óvenjulegar aðstæður sem það væri haldið í og saknar þess að vera ekki með á fundinum. Uppbygging gagnaflutninga á Íslandi á síðustu árum væri nú til bjargar m.a. að halda þing af þessu tagi. Rakti hann uppbyggingu á sviði gagnaflutninga í dreifbýli og áskoranir við tengingu minni þéttbýlisstaða. Í samgöngumálum væru stórstíg skref stigin og framundan mjög umfangsmikið framkvæmdatímabil. Á Vestfjörðum væri Vestfjarðavegur 60 komin á dagskrá, Gufudalssveit, Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur og Veidileysuháls auk verulegra hafnarframkvæmd m.a. á Bíldudal. Fjármagn væri einnig að koma til endurbóta á áætlanarflugvöllum.

Loftbrúin, verkefni í niðurgreiðslu flugfargjalda væri ein af mikilvægum byggðaaðgerðum þar sem fólki á landsbyggðinni er gefin kostur á að komast til höfuðborgarinnar á ódýrari hátt með flugi. Byggðaaætlun 2018-2023 er að fara í endurskoðun m.a. með fundum í öllum landshlutum og vænti nánins samstarfs við sveitarfélögin í þessum efnum. Flest verkefni Byggðaaætlunar væru komin af stað en það ylli vonbrigðum hve illa gengur að koma af alvöru í gang verkefninu *Störf án staðsetningar*. Tregða væri í stofnunum ríkisins og er ætlun ráðherra að hér verði að gera betur.

Áhrif heimsfaraldurs kórónuveiru Covid 19 hefur víðtæk áhrif og nú sýnilegust á ferðaþjónustu tengdum greinum. Nú væri enn ein bylgjan hafin og stefnir hátt og stundum þarf að grípa til hertra aðgerða líkt og gert er nú um stundir. Það mun verða mikill halli á ríkissjóði á næsta ári en hann er vel staddur til að takast á við þennan skell. Stefna ríkisstjórnar væri að styðja við einstaklinga og fyrirtæki til að komast í gegnum þessa erfiðleika, halda við og skapa störf, en síðar yrði tekið á skuldasöfnun.

Sama ætti við stuðning við sveitarfélögin og stefna ríkisstjórnar væri að standa við bakið á sveitarfélögunum svo þau komist betur í gegnum þessar þrengingar m.a. með stuðningi í gegnum Jöfnunarsjóð.

Að lokum ræddi ráðherra samþykkt Alþingis á stefnumótandi áætlun fyrir sveitastjórnarstigið, þar sem miðað er við eflingu sveitastjórnarstigis, með stækkun sveitarfélaga í áföngum og stuðningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við þær aðgerðir. Hvatti hann sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum til að taka þessa stefnumörkun til skoðunar og þær stuðningsaðgerðir sem henni fylgdu.

Vísast hér einnig til kynningarglæra í gögnum þingsins.

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRDINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsting/65thing/avarp-samgongu-og-sveitarstjradherra-65-fjthing-haust-1-.pdf>

### Ávarp formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga - Aldís Hafsteinsdóttir

Aldís ávarpar þingið frá skrifstofu bæjarstjóra Hveragerðisbæjar.

Hún lagði áherslu á náð samstarf ríkis og sveitarfélaga, mikilvægt að sveitarfélögin séu með í ráðum þegar ríkisstjórnin ræðir málefni sveitarfélaganna. Hún vill þakka ríkisstjórninni fyrir gott samstarf við sveitarfélögin síðastliðna mánuð í heimsfaraldri kórónuveiru. Eins hefðu verið verkefni er snertu umhverfis- og skipulagsmál sem mörg hver urðu sýnileg eftir óveðrið síðasta vetur og nú væri verið að vinna að.

Hún sér mikla samsvörun milli kreppunnar 2008-2009 og þess sem er að gerast í dag. Læra verði af reynslunni og þar væri atvinnuleysi stærsta viðfangsefnið. Þó væri það ólíkt nú að í síðustu kreppu leituðu margir til annara landa þar sem lífskjörin voru betri en það er ekki staðan núna, nú eru allar þjóðir heimsins í sama bát.

Efling sveitarstjórnarstigsins væri mikilvægt verkefni og byggði á samþykkt aukalandsþings sveitarfélaga og vilja meirihluta sveitarstjórnarmanna en ekki sérstökum áhuga hennar sem formanns á málinu eða sveitarstjórnarráðherra.

Hún sagði að lokum, verkefni væru best unnin í samvinnu ekki síst nú þegar kreppti að. Hvatti hún sveitarstjórnarfulltrúa að hafa í huga að vandamál séu til að leysa þau og þau munu einnig líða hjá líkt og vatnið við Varmá í Hveragerði, [með vísan til skúlptúrs sem við ánnu stendur].

Að öðru leyti vísast til ávarps formanns í gögnum þingsins.

<https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsting/65thing/avarp-a-arsfundi-ssa-9-oktober-2020.pdf>

Þingforseti opnaði nú fyrirspurnir við ávörp gesta, með því að koma beint inn úr sínu sæti eða með því að senda inn á sameignlegt vefsvæði.

Til máls tóku.

Ingimar Ingimarsson, Reykhólahreppi. Ræddi hraða í framgangi tillagna um sameingingu sveitarfélaga sérstaklega í ljósi minna fjármagns, mætti ætla að hér væri um gæluverkefni að ræða af hálfu ráðherra og formanns. Hann ræddi einnig úrbætur á Kletthálsi, sérstaklega að vetri til, ef endurbætur á Vestfjarðavegi ættu að nýtast íbúum á sunnanverðum Vestfjörðum.

Eva Sigurbjörnsdóttir. Hún spurðist fyrir um stöðu á útboði áætluarflugs á Gjögurflugvöll og ræddi mikilvægi úrbóta á vegi um Veiðleysuháls. Án góðra samgangna væri erfitt að taka á sameingingu sveitarfélaga.

Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar. Ræddi gloppur í farsímakerfi á vegum jafnt á milli þéttbýlisstaða innan sveitarfélaga sem og á lengri leiðum. Mjög bagalegt ástand sem gengi á öryggi vegfarenda s.s. á fjallvegum. Vandinn fælist meðal annars í hvaða fjarskiptafyriræki þjónaði sendum.

Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri Súðavíkurrepps. Spurði hvort í áætluðum sparnaði við sameingingu sveitarfélaga væri verið að reikna inn, þau framlög sem leggjast af við fækkun sveitarfélaga og það sem ætla mætti að yrðu mun lægri til nýrra og stærra sveitarfélags.

Nanný Arna Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi Ísafjarðabæ. Ræddi uppbyggingu ferðamannaleiða og hvort það væri gert ráð fyrir henni í samgönguáætlun, nefndi vegi sem væri búið að leggja af s.s. Óshlíðarveg og vegi sem yrðu lagðir af sem stofnvegir við opnun Dýrafjarðagangna í Arnarfirði og Dýrafirði.

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

Baldur Smári Einarsson, bæjarfulltrúi Bolungarvíkurkaupstað. Spyr um tvö atriði. Annarsvegar hvort Jöfnunarsjóður geti fjármagnað allar sameiningar ef Covid-kreppan leiðir af sér umfangsmiklar sameiningar sveitarfélaga. Hinsvegar hvort komið hafi til umræðu að hækka hámarksframlög til stærri sveitarfélaga, s.s. Ísafjarðarbæjar, til að hvetja frekar til sameininga m.a. með vísan til mismunandi framlög á íbúa í sveitarfélögum sem gætu sameinast.

Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps. Hefur ráðuneytið tekið til skoðunar og mun það skoða samspil málefna fiskeldis og sveitarfélaga, en það er ljóst að gráu svæðin í því umhverfi eru allt of mörg.

Daníel Jakobsson, Ísafjarðarbæ. Hefur verið tekið til skoðunar endurnýjun Ferjunar Baldurs eða nýta gamla Herjólf til siglinga á Breiðafirði. Lagði hann áherslu á mikilvægi þess að geta komið afurðum frá Vestfjörðum sérstaklega á veturnar. Öryggi núverandi ferju væri einnig minna m.a. með því að vera aðeins knúin einni aðalvél.

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu og sveitarstjórnarráðherra tók til máls og svaraði fyrirspurnum.

Sameiningar sveitarfélaga væru ekki gæluverkefni og fjármagn er til reiðu. Áfangar hefðu verið settir á árin 2022 og 2026 með fjölda íbúa og fjármagn væri eyrnamerkt í Jöfnunarsjóði. Stefni í að verkefnið taki lengri tíma þá má veita undantekningar og veita sveitarfélögum svigrúm til að finna leiðir þó þær taki lengri tíma, en tilgreindir áfangar.

Samgönguáætlun hefði verið samþykkt á síðasta þingi og þar væri Veiðileysuháls fjármagnaður. Útboð á áætlunarflugi m.a. á Gjögur, hefði ekki gengið upp eins og ætlað var og væri Vegagerðin komin með málið til urlausnar og væri m.a. horft til framlengingar núverandi samninga, en eftir væri að taka ákvörðun.

Hann tekur undir það að það séu gloppur í farsímakerfinu, en það væri á ábyrgð fjarskiptafyrirtækjanna sem ekki væru þó að sinna því á fullnægjandi hátt og Póst- og fjarskiptastofnun væri ekki upplýst nægjanlega um stöðuna að þeirra hálfu. Niðurstaðan gæti verið sú að stjórnvöld yrðu að koma hér að með sérstöku átaki. Vilji stjórnvalda er að það séu ekki gloppur í kerfinu og að því yrði að vinna.

Ekki er reiknaður inn ætlaður sparnaður af fækkun sveitarfélaga og hugsanlega minni framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til nýrri og stærri sveitarfélaga.

Samgönguáætlun var samþykkt á síðasta þingi og þar væru ákveðnar ferðamannleiðir tilgreindar. Komi fram nýjar hugmyndir þá verður að taka þær upp þegar kemur að endurskoðun samgönguáætlunar og fara yfir sjónarmið landshlutanna í þeim efnunum.

Nægjanlegt fjárhagslegt svigrúm er til að vinna að sameiningu sveitarfélaga á þeim tíma sem hefur verið tilgreindur. Í fjármálaáætlun til næstu fimm ára er gert ráð fyrir fjárveitingum til þessa verkefnis. Breyting á þeim framlögum hefur ekki komið til tals og því er ekki hækkun í spilunum.

Mikilvægt að skoðuð verði breyting á hafnarlögum varðandi tekjur af fiskeldi. Það þarf einnig að taka til skoðunar tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga að nýtingu þessarar nýju auðlindar.

Endurnýjun Ferjunnar Baldurs er til skoðunar en er á fyrstu stigum, þó hefur verið mörkuð sú stefna að ný ferja yrði knúinn rafmagn. Við fyrstu sýn væri ekki skynsamlegt að taka gamla Herjólf til noktnar á Breiðafirði. Rekstarkostnaður væri hár og þarfnast mikils viðhalds enda um gamlat skip að ræða. Hugmyndin væri þó áhugaverð.

Sigurður þakkaði síðan aftur tækifærið að fá að ávarpa þingið og geta svarað fyrirspurnum. Ekkert kæmi þó í stað beinna samskipta og yrði fyrsta tækifæri nýtt til að koma til fundar þegar þegar takmörkunum á samkomum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru yrði aflétt.

Aldís Hafsteinsdóttir formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, tók til máls.

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

Hún vildi fyrst og síðast að nota tækifæri og þakka fyrir að sitja þennan hluta fundarins og fróðlegt að heyra spurningar til ráðherra sem gæfi mynd af afstöðu sveitarstjórnarfulltrúa á Vestfjörðum. Lagði hún að lokum áherslu á að tillögur um lágmarksfjölda íbúa byggðu á vinnu sveitarstjórnarfulltrúa um land allt. Þær tillögur hefðu verði lagðar fyrir Landsþing sveitarfélaga og verið samþykktar þar og hennar væri að framfylgja þeim, ekki sem hennar einkamál heldur á grunni vilja sveitarstjórna.

Nú var gert stutt þinghlé.

Þingforseti setti þingið að nýju og gengið til fjórða dagskrárliðar

### 4. Skýrsla samgöngu- og fjarskiptanefndar – Iða Marsibil Jónsdóttir, formaður

Iða flytur skýrslu sína frá Bíldudal og vísast til gagna þingsins.

Þingforseti gaf orðið laust um skýrslu samgöngu- og fjarskiptanefnda. Enginn kvað sér hljóðs.

### 5. Skýrsla um framkvæmd og stöðu Sóknaráætlunar Vestfjarða – Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu.

Sigríður ávarpar þingið frá skrifstofu Fjórðungssambandsins og vísast til skýrslu hennar í gögnum þingsins.

Þingforseti gaf nú orðið laust um skýrslu um framkvæmd og stöðu Sóknaráætlunar Vestfjarða. Enginn kvað sér hljóðs.

## 6. Fjárhags- og starfsáætlun 2021

### Fjárhags- og stafsáætlun FV – Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri Vestfjarðastofu

Aðalsteinn ávarpaði þingið frá skrifstofu Fjórðungssambandsins. Hann kynnti tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 samkvæmt þingskjali 5a og greinargerð og sundurliðun fjárhagsáætlunar samkvæmt þingskjölum 5b. Hann gerði tillögu til þingforseta að þessum þingskjölum væri vísað til fjármálanefndar.

### Fjárhags- og starfsáætlun Vestfjarðastofu – Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu

Sigríður ávarpaði þingið frá skrifstofu Fjórðungssambandsins. Hún kynnti tillögu að fjárhagsáætlun Vestfjarðastofu samkvæmt þingskjali 5c. Kynnti Sigríður síðan drög starfsáætlun fyrir starfsemi Vestfjarðastofu á grundvelli framlaga Fjórðungssambandsins. Mótun starfsáætlunar verður síðar í haust í samvinnu við aðildarsveitarfélög Fjórðungssambandsins.

Aðalsteinn tók að nýju til máls og kynnti tillögu um árstíllag sveitarfélaga á næsta starfsári, samkvæmt þingskjali 5d. Hann gerði tillögu til þingforseta að þessu þingskjali væri vísað til fjármálanefndar. Aðalsteinn kynnti síðan tillögu stjórnar um laun og þóknun til stjórna og nefnda en tillagan er hluti af þingskjali 5a og 5b.

Þingforseti gaf orðið laust um fjárhags- og starfsáætlun FV 2021 og VFS 2021, sama á við um ákvörðun um árstíllag sveitarfélaga á næsta starfsári, laun og þóknun til stjórna og nefnda. Enginn kvað sér hljóðs.

Jón Páll Hreinsson þingforseti gerði tillögu um að þingskjölum 5a, 5b og 5d yrði vísað til Fjármálanefndar.

Tillagan samþykkt einróma.

## 7. Tillaga um breytingu á samþykktum og þingsköpum

Hafdís Gunnarsdóttir lagði fram tillögu samkvæmt þingskjali nr 6. Tillaga um breytingu á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga og þingsköpum Fjórðungspings Vestfirðinga, er varðar skipan fjárhagsnefndar Fjórðungssambandsins með breytingu á 10. grein samþykta og 6. grein þingskapa.

Pingforseti gefur orðið laust um tillögu um breytingar á samþykktum og þingsköpum. Enginn kvað sér hljóðs.

Pingforseti vísar þingskjali nr. 6 til allsherjarnefndar.

### 8. Ályktanir og nefndastörf – fyrri umræða

Hafdís Gunnarsdóttir, formaður stjórnar lagði fram tillögur stjórnar að ályktunum, sem hér segir

- **Ályktun orkumál atvinnulífs – þingskjal nr. 7**  
Pingforseti opnar fyrir umræðu um ályktun. Engin kveðjur sér hljóðs.  
Pingforseti vísar ályktun til fjórðungsmálanefndar  
Tillagan samþykkt einróma.
- **Ályktun orkumál samfélaga – þingskjal nr. 8**  
Pingforseti opnar fyrir umræðu um ályktun. Engin kveður sér hljóðs.  
Pingforseti vísar ályktun til fjórðungsmálanefndar.  
Tillagan samþykkt einróma.
- **Ályktun- 65. fjórðungspings byggðaðróun og auðlindastýring – þingskjal nr. 9**  
Pingforseti opnar fyrir umræðu um ályktun. Engin kveður sér hljóðs.  
Pingforseti vísar ályktun til fjórðungsmálanefndar.  
Tillagan samþykkt einróma.
- **Ályktun um jöfnunarsjóð sveitarfélaga – þingskjal nr. 10**  
Pingforseti opnar fyrir umræðu um ályktun. Engin kveður sér hljóðs.  
Pingforseti vísar ályktun til allsherjarnefndar.  
Tillagan samþykkt einróma.
- **Ályktun um þjóðgarðar á Vestfjörðum – þingskjal nr. 11**  
Pingforseti opnar fyrir umræðu um ályktun. Engin kveður sér hljóðs.  
Pingforseti vísar ályktun til allsherjarnefndar.  
Tillagan samþykkt einróma.
- **Ályktun um samgöngur – þingskjal nr. 12**  
Pingforseti opnar fyrir umræðu um ályktun.  
Pingforseti vísar ályktun til fjórðungsmálanefndar  
Tillagan samþykkt einróma.

### Ályktun um endurnýjun Ferjunnar Baldurs – þingskjal nr. 13

Pingforseti las upp ályktun frá Daníel Jakobssyni, Ísafjarðarbæ að beiðni flutningsmanns ályktunarinnar.

Pingforseti opnar fyrir umræðu um ályktun samkvæmt þingskjali 13, enginn kvaddi sér hljóðs.

Pingforseti vísar ályktun til fjórðungsmálanefndar.

Tillagan samþykkt einróma.

### Ályktun um Landsþing sveitarfélaga – þingskjal nr. 14:

Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri Súðavíkurrepps, lagði fram ályktun um Landsþing sveitarfélaga samkvæmt þingskjali 14.

Pingforseti opnaði umræðu um þingskjal 14, enginn kvaddi sér hljóðs.

Pingforseti gerir tillögu um að vísa þingskjali nr. 14 til allsherjarnefndar.

Tillagan samþykkt einróma.

## **65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST**

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

---

Þingforseti kynnti að ekki hefðu borist fleiri tillögur að ályktunum, dagskrá fyrri dags Fjórðungspings væri því tæmd og þingi væri frestað til klukkan hálf ellefu 10. október, en nefndarstörf hæfust í klukkan níu.

**Þingi frestað kl 15.45.**



---

### Laugardagur 10. október 2020 kl 10.30

Pingforseti setti þingið að nýju og bauð formönnum nefnda að leggja fram ályktanir nefnda. Hann áréttaði við þingfulltrúa að gefa merki á fjarfundinum með því að rétta rafrænt upp hönd, ritari þingsins fylgist með röð þeirra sem bæðu um orðið.

#### 9. Afgreiðsla ályktana

##### Ályktanir frá allsherjarnefnd

Formaður fjórðungsmálanefndar Nanný Arna Guðmundsdóttir kynnti niðurstöðu af störfum nefndarinnar.

##### Tillaga um breytingu á samþykktum og þingsköpum - þingskjal 15 áður þingskjal 6

Pingforseti opnar fyrir umræðu um álytkun. Engin kveður sér hljóðs.

Pingforseti kannaði hvort einhver leggst gegn samþykkt tillögunnar, enginn kvaddi sér hljóðs. Pingforseti bar upp tillöguna til samþykktar. Tillagan samþykkt samhljóða.

##### Ályktun um jöfnunarsjóð sveitarfélaga – þingskjal 16 áður þingskjal 10

Pingforseti opnar fyrir umræðu um álytkun og gefur orðið laust. Engin kveður sér hljóðs.

Pingforseti kannaði hvort einhver leggst gegn samþykkt tillögunnar, enginn kvaddi sér hljóðs. Pingforseti bar upp tillöguna til samþykktar. Tillagan samþykkt samhljóða.

##### Ályktun um þjóðgarða á Vestfjörðum – þingskjal 17 áður þingskjal 11

Pingforseti opnar fyrir umræðu um ályktunina.

Til máls tóku Sigurður Hreinsson og Eva Sigurbjörnsdóttir.

Pingforseti kannaði hvort einhver leggst gegn samþykkt tillögunnar, enginn kvaddi sér hljóðs. Pingforseti bar upp tillöguna til samþykktar. Tillagan samþykkt samhljóða.

##### Tillaga um Landsþing sveitarfélaga – þingskjal 18 áður þingskjal 14

Pingforseti opnar fyrir umræðu um álytkun.

Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi lagði fram viðaukatillögu við tillögu á þingskjali 18

„Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur til að landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga verði haldið með rafrænu fyrirkomulagi, í ljósi aðstæðna í samfélaginu.“

Pingforseti gaf orðið laust um breytingartillögu Finns Ólafssonar.

Til máls tók Sigurður Hreinsson og lýsti stuðningi við viðaukatillögu.

Pingforseti kynnti tillöguna með áorðnum breytingum og gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Pingforseti kannaði hvort einhver leggst gegn samþykkt tillögunnar, enginn kvaddi sér hljóðs. Pingforseti bar upp tillöguna til samþykktar. Tillagan samþykkt samhljóða.

##### Ályktanir frá fjórðungsmálanefnd

Pingforseti gaf Rebekku Hilmarsdóttur, formanni fjórðungsmálanefndar orðið að kynna niðurstöðu fjórðungsmálanefndar.

##### Ályktun orkumál atvinnulífsins – þingskjal 19 áður þingskjal 7

Pingforseti opnar fyrir umræðu um álytkun og gefur orðið laust. Engin kvaddi sér hljóðs.

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

Þingforseti kannaði hvort einhver leggst gegn samþykkt tillögunnar, enginn kvaddi sér hljóðs. Þingforseti bar upp tillöguna til samþykktar. Tillagan samþykkt samhljóða.

### Ályktun orkumál samfélagsins – þingskjal 20 áður þingskjal 8

Þingforseti opnar fyrir umræðu um ályktun og gefur orðið laust. Engin kvaddi sér hljóðs.

Þingforseti kannaði hvort einhver leggst gegn samþykkt tillögunnar, enginn kvaddi sér hljóðs. Þingforseti bar upp tillöguna til samþykktar. Tillagan samþykkt samhljóða.

### Ályktun- byggðapróun og auðlindastýring – þingskjal 21 áður þingskjal 9

Þingforseti opnar fyrir umræðu um ályktun og gefur orðið laust. Engin kvaddi sér hljóðs.

Þingforseti kannaði hvort einhver leggst gegn samþykkt tillögunnar, enginn kvaddi sér hljóðs. Þingforseti bar upp tillöguna til samþykktar. Tillagan samþykkt samhljóða.

### Ályktun um samgöngumál – þingskjal 22 áður þingskjal 12

Þingforseti opnar fyrir umræðu um ályktun og gefur orðið laust.

Til máls tók Eva Sigurbjörnsdóttir

Þingforseti kannaði hvort einhver leggst gegn samþykkt tillögunnar, enginn kvaddi sér hljóðs. Þingforseti bar upp tillöguna til samþykktar. Tillagan samþykkt samhljóða.

Rebekka Hilmarsdóttir kynnti að ekki hefði myndast samstaða um afgreiðslu ályktunar um endurnýjun Ferjunnar Baldurs samkvæmt þingskjali 13. Meirihluti nefndarinnar hefði samþykkt að málið yrði ekki afgreidd út úr nefndinni.

Þingforseti minnir á að hægt sé að leggja tillögur fram í eigin nafni eða gera breytingatillögur, sem þarf að berast skriflega. Enginn kvaddi sér hljóðs um þingskjal 13.

Stutt hlé í 5 mín kl. 11.20

Þingforseti gaf nú stutt hlé á þingstörfum.

Þingforseti kynnti fyrir hönd formanns allsherjarnefndar þingskjal nr. 24 áður þingskjal 6, endurskoðun samþykta Fjórðungssambands Vestfirðinga 5. og 10. grein og þingskapa Fjórðungspings Vestfirðinga 6. gr.

Þingforseti gaf orðið laust um tillöguna, enginn kvaddi sér hljóðs. Þingforseti bar upp tillöguna til samþykktar. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingforseti kynnti að til allsherjarnefndar hefði komið erindi frá kjörnefnd um að taka yrði til endurskoðunar fyrirkomulag á kjöri stjórnar og nefnda Fjórðungssambandsins. Formaður allsherjarnefndar hefði óskað eftir að þingforseti legði fram tillögu nefndarinnar sem hér segir.

65. Fjórðungsping Vestfirðinga, haustping haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020, felur stjórn að hefja endurskoðun samþykta og þingskapa Fjórðungssambands Vestfirðinga varðandi fyrirkomulagi á kjöri stjórnar og nefnda Fjórðungssambands Vestfirðinga samkvæmt 5. og 10. grein samþykta og 6. grein þingskapa Fjórðungspings. Tillaga að breytingum á samþykktum og þingsköpum verði kynnt aðildarsveitarfélögum Fjórðungssambands Vestfirðinga eigi síðar en við boðun 66. Fjórðungsping Vestfirðinga, vorþing með vísan til 3. greinar samþykta Fjórðungssambandsins.

Þingforseti óskaði heimildar þingsins að taka tillöguna til afgreiðslu með einni umræðu. Enginn hreyfði andmælum við tillögu þingforseta og gaf hann orðið orðið laust um tillöguna.

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

Til máls tók Ingimar Ingimarsson og kynnti að í kjörnefnd hefði komið til umræðu, að ekki væri skýrt í samþykktum og þingsköpum, hvert væri hlutverk kjörnefndar og hvert væri hlutverk stjórnar varðandi skipan í nefndir og ráð á vegum Fjórðungssambandsins. Taldi hann nauðsyn á heildarendurskoðun um skipan í nefndir sambandsins og það sé skýrt í samþykktunum og þingsköpum. Að hans mati ætti einnig að velja fyrir kjörnefnd þingsins þannig að hún geti starfað á milli þinga.

Ekki tóku fleiri til máls og bar þingforseti tillöguna upp til samþykktar. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingforseti gaf nú formanni fjármálanefndar Daníel Jakobssyni orðið.

Daníel óskaði eftir að bera upp tillögur fjármálanefndar í einu lagi, engin athugasemd kom fram.

### **Tillaga um ársstilling sveitarfélaga á Vestfjörðum – Þingskjal 23 áður þingskjal 5d**

Lagt til að lækkun verði á ársstillagi um 7,9 mkr eða sem nemur lífeyrishækkun fyrrum starfsmanna Fjórðungssambandsins.

### **Tillaga um laun og þóknun stjórnar – þingskjal 24 áður þingskjal 5e**

Lagt til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

### **Tillaga að fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga - þingskjal 25 áður þingskjal 5a og 5b**

Formaður kynnti að tekjur deildarinnar Rekstur skrifstofu nemi kr 53.300.000,- en gjöld kr 61.000.000,-, afskriftir kr 9.000,-, áætlaður rekstarhalli 7.709.000,-. Heildartekjur nemi kr 269.998.558 og rekstrargjöld kr 276.357.558,- og áætlaður halli á rekstri Fjórðungssambands Vestfirðinga á árinu 2021 nemi kr 7.359.000,-. Tillagan gerir ráð fyrir lækkun tekna um 7,9 mkr á grunvelli tillögu um ársstilling sveitarfélaga en áætluð gjöld verði óbreytt.

Samkvæmt ársreikningi Fjórðungssambandsins fyrir árið 2019 nemur eigið fé sambandsins um 43,5 mkr og ekki er gert ráð fyrir að taprekstur verði á árinu 2020. Svigrúm er því að mæta lækkun tekna með lækkun eiginfjár sambandsins.

Þingforseti gefur orðið laust um tillögurnar. Engin kveður sér hljóðs.

Þingskjal 25, um ársstilling sveitarfélaga borið upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 26, Tillaga laun og þóknun borinn upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 26. Tillaga að fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2021 borin upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

Þingforseti gaf nú 13 mínútna hlé áður en gengið er til kosninga.

### **Kl. 12:00 10. Kosningar**

Þingforseti gaf Baldri Smára Einarssyni, formanni kjörnefndar orðið til að kynna tillögu nefndarinnar.

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

<b>Stjórn FV</b>			
<b>Aðalmen</b>		<b>Varamenn</b>	
Hafdís Gunnarsdóttir	Ísafjarðarbær	Marzelíus Sveinbjörnsson	Ísafjarðarbær
Pórir Guðmundsson	Ísafjarðarbær	Nanný Arna Guðmundsdóttir	Ísafjarðarbær
Kristján Jón Guðmundsson	Bolungarvík	Samúel Kristjánsson	Súðavík
Íða Marsibil Jónsdóttir	Vesturbyggð	Lilja Magnúsdóttir	Tálknafjörður
Jóhanna Ösp Einarsdóttir	Reykhólar	Guðfinna Lára Hallvarðardóttir	Strandabyggð
<b>Formaður stjórnar FV</b>			
		Samkomulag um	
Hafdís Gunnarsdóttir	Ísafjarðarbær	Formaður 2020-2021	
Jóhanna Ösp Einarsdóttir	Reykhólar	Formaður 2021-2022	

Pingforseti gefur orðið laust um tillögu kjörnefndar.

Til máls tóku Eva Sigurbjörnsdóttir, Finnur Ólafsson, Ingimar Ingimarsson og Arna Lára Jónsdóttir.  
Til umræðu var þörun aðal og varamanna eftir svæðum.

Pingforseti kynnti að nú yrði gengið til kosninga með kosningakerfi sem sett hefði verið upp fyrir þingið, hver og einn sveitarstjórnarfulltrúi fengi send atkvæði á fyrirfram kynnt netfang.

Gert var þinghlé á meðan kerfið væri virkjað.

Pingforseti kom að afloknu þinghléi og kynnti að kosningakerfi hefði ekki virkað og breyta yrði framkvæmd kosninga í samráði við kjörnefnd.

Formaður kjörnefndar kynnti að óskað væri eftir heimild þingsins til að leggja fram tillögu um stjórn í heild.

Pingforseti bar undir þingið tillögu um að öll stjórnin sé borin upp og ef einhver kemur með móttframboð þá verði kosið, annars verður litið á þögn sem samþykki. Formaður stjórnar kjörnefndar samþykkir að þessi háttur verði á.

Pingforseti kannað með aðrar tillögur að lista stjórnar. Enginn kvaddi sér hljóðs. Pingforseti kynnti að tillaga kjörnefndar sé samþykkt og stjórn kjörinn án móttatkvæða.

Formaður kjörnefndar Baldur Smári Einarsson, tók að nýju til máls og óskaði eftir að fært verði til bókar að:

Í kjörnefnd komu fram tvær tillögur um formann, annars vegar Hafdís Gunnarsdóttir og hins vegar Jóhanna Ösp Einarsdóttir.

Kjörnefnd leggur til að Hafdís Gunnarsdóttir verði kjörin formaður FV til eins árs en fyrir liggur heiðursmannasamkomulag milli Hafdísar og Jóhönnu um að Hafdís sitji í eitt ár fram að 66. haustþingi Fjórðungsþings Vestfirðinga og þá taki Jóhanna við og sitji sem formaður til loka kjörtímabilsins.

Pingforseti gefur orðið laust. Engin kvaddi sér hljóðs.

Pingforseti kannar með aðrar tillögur að formanni stjórnar. Enginn kvaddi sér hljóðs. Pingforseti kynnti að tillaga kjörnefndar sé samþykkt og formaður stjórnar sé kjörinn án móttatkvæða.

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

<b>Fastanefnd um samgöngumál</b>			
<b>Aðalmenn</b>		<b>Varamenn</b>	
Iða Marsibil Jónsdóttir	Vesturbyggð - formaður	Sif Huld Albertsdóttir	Ísafjarðarbær
Bjarnveig Guðbrandsdóttir	Tálknafjörður	Marzellíus Sveinbjörnsson	Ísafjarðarbær
Sigurður Jón Hreinsson	Ísafjarðarbær	Samúel Kristjánsson	Súðavík
Jón Gísli Jónsson	Strandabyggð	Arinbjörn Bernharðsson	Árnesheppur
Guðbjörg Stefania Hafþórsdóttir	Bolungarvík	Þórkatla Ólafsdóttir	Vesturbyggð

Pingforseti gefur orðið laust.

Daníel Jakobsson spyr þar sem skipt verður um formann Fjórðungssambandsins á næsta ári hvort nefndin hafi skoðað að skipta líka um formann í fastanefndinni um samgöngumál, að færa formanninn af suðursvæðinu og eitthvað annað og veltir því fyrir sér hvort ekki væri heppilegt að formennskan kæmi þá yfir á norðursvæðið?

Baldur Smári svarar, að í samþykktum sambandsins þá eigi formaður að koma úr aðalstjórn sambandsins og Iða Marsibil Jónsdóttir er eini stjórnarmaðurinn sem situr í fastanefndinni svo það er ekki öðrum til að dreifa eins og tillagan er framsett núna, ef hún yrði ekki formaður. Ingimar tekur undir orð Baldurs, þetta var ekki svæðisbundið val.

Til máls tók Ólafur Þór Ólafsson, kemur með tillögu um að varamenn séu paraðir innan svæða.

Til máls tók Baldur Smári Einarsson. Ekki væri sérstök tillaga um pörun aðal og varamanna.

Daníel Jakobsson. Spyr hvort í samþykktum séu ekki ákvæði um að aðalmaður ákveði hvaða varamann hann boðar.

Aðalsteinn Óskarsson, tekur til máls segir ekkert sagt um það í samþykktum en venja hafi verið að aðalmenn boði sína varamenn.

Ingimar Ingimarsson. Tekur undir tillögu Ólafs Þórs og biður um að tillögu að samgöngunefnd verði breytt með þetta í huga.

Daníel Jakobsson. Ítrekar að mikilvægt sé að fara eftir samþykktunum um boðun varamanna. Kjörnefnd hafi ekki það hlutverk að skipa til um varamenn. Bendir á að samþykktir geri ráð fyrir að formaður komi úr stjórn en spyr hvort kjörnefnd hafi rætt hvort færa eigi formennsku í samgöngunefnd innan svæða?

Baldur Smári Einarsson svarar Daníel en þar stendur að formaður þarf að koma úr hópi stjórnarmanna sambansin. Iða er sú eina sem kemur til greina.

Ingimar Ingimarsson, tekur undir með Baldri.

Lilja Magnúsdóttir varðandi varamenn Iða kemur innan úr stjórn, Marselíus er varamaður úr stjórn og lagt til að hann verði varamaður formanns. Þórkatla verði varamaður Bjarnveigar og svo framvegis.

Gerir þessa uppröðun að tillögu sinni. Pingforseti óskaði eftir að listinn var lagaður samkvæmt tillögu Lilju.

Tillagan er sem hér segir.

### Samgöngu og fjarskiptanefnd

<b>Aðalmenn</b>	<b>Varamenn</b>
Iða Marsibil Jónsdóttir, Vesturbyggð	Marzellíus Sveinbjörnsson, Ísafjarðarbæ
Bjarnveig Guðbrandsdóttir, Tálknafjarðarhreppi	Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Vesturbyggð
Sigurður Jón Hreinsson, Ísafjarðarbæ	Sif Huld Albertsdóttir, Ísafjarðarbæ

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

Jón Gísli Jónsson, Strandabyggð	Arinbjörn Bernharðsson, Árneshreppi
Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað	Samúel Kristjánsson, Súðavíkurhreppi

Formaður samgöngu og fjarskiptanefndar verði Iða Marsibil Jónsdóttir, Vesturbyggð og varamaður hennar verði Marzellíus Sveinbjörnsson, Ísafjarðarbæ.

Forseti spyr hvort aðrar tillögur eða önnur framboð hafi komið fram. Engin kvaddi sér hljóðs. Telst þá þessi tillaga samþykkt og fastanefnd samgöngu og fjarskiptamála kjörinn án móttatkvæða.

Friðbjörg Matthíasdóttir tekur til máls og hefði viljað fá meiri umræðu um formennsku í nefndina þar sem samþykkt var miðlunartillaga um að skipta síðustu tveimur árunum á milli tveggja formanna fjórðungssambandsins og hvort ekki hafi verið rätt um skiptingu formanns samgöngu og fjarskiptanefndar á sama hátt. Samgöngumál hefðu legið mjög þungt á sunnanverðum Vestfjörðum og því sóst eftir formennsku í nefndinni, en nú væru stærstu verkefnið komin af stað og því mætti ræða hugsanlega skiptingu. Spyr hvort þetta hafi ekki verið rätt í kjörnefnd.

Baldur Smári vísar aftur til fyrra svars tæknilega var þetta eini möguleikinn og ekkert farið meira ofan í það

Pingforseti spyr hvort Friðbjörg vilji leggja fram breytingartillögu.

Friðbjörg svarar að hún sé ekki með breytingartillögu en vildi kanna hvort þingfulltrúar vildu ræða þessi sjónarmið nánar.

Finnur Ólafsson tók til máls. Leggur til að stjórn Fjórðungssambandsins taki til umfjöllunar samspil málefna samgöngu- og fjarskiptanefndar og stjórnar. Til framtíðar litið þá mætti taka til skoðunar hvort þörf sé á sérstakri samgöngu- og fjarskiptanefnd þ.e. að málefnið ættu alfarið að vera á borði stjórnar.

Ingimar Ingmarsson tók til máls, svarar að kjörnefndin ræddi ekki skipti á formennsku í samgöngu- og fjarskiptanefnd.

Friðbjörg Matthíasdóttir tók til máls. Hún þakkaði fyrir umræðuna og benti á að fjórðungsping væru einmitt ætluð til að skiptast á skoðunum og geta rætt hlutina í þaula. Hér reyndi á þetta nýja fundarform miðað við hvernig umræða færi fram á hefðbundnu þingi. Ákveðna þætti mætti hafa í fjarfundi en aðrir hentuðu síður miðað við þau þingsköp og samþykktir sem giltu í dag. Taka verður þessi atriði til skoðunar ef þing verða haldin aftur með þessum hætti, í fjarfund en samþykktirnar og þingsköp byggðu á gömlum hefðum. Gæta verði sérstaklega að því að viðhalda þeim vettvangi sem þingin væru til að skiptast á skoðunum, taldi hún að fjarfundur takmarkaði þennan vettvang með hliðsjón af því hve lítið hafi verið tekið til máls á þinginu.

Daníel Jakobsson tók máls. Hann sagðist taka undir sjónarmið Friðbjargar. Hann ræddi síðan um hlutverk og skipan samgöngu- og fjarskiptanefndar. Benti hann á að aðeins tveir fulltrúar af norðursvæðinu væru í nefndinni en þar byggju 55% af íbúunum. Taldi hann það veikleika að það sé bara einn stjórnarmaður í nefndinni og það mætti taka til umræðu að jafnvel að leggja nefndina niður því samgöngumál eiga auðvitað að vera aðalmál landshlutans og ættu því vera unnin af stjórn. Hugsanlega hefði þetta mál verið betur rætt ef um hefðbundið þing hefði verið að ræða. Að hans mati hefði Þórir Guðmundsson átt að koma inn fyrir Ísafjarðarbæ og eins að aðalltrúi kæmi úr meirihlutna bæjarstjórnar frekar en úr minnihlutunum. Hefur efasemdir t.d. þegar koma fram mótframboð að eðlileg umræða eigi sér stað þegar gengið er til kosninga rafrænt og færi því kjörnefndinni of mikil völd og erfitt að fara í kosningabaráttu. Treystir því að kjörnefnd vandi sig betur og verði í meiri samskiptum við sveitarfélögin í framtíðinni.

Finnur Ólafsson tók til máls. Hann sagðist taka undir með Daníel að auðvitað er þetta nýtt fyrirkomulag og verða kannski ekki eins miklar umræður en lýsir yfir ánægu með hvernig þingið hefur

## 65. FJÓRDUNGSPING VESTFIRDINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

gengið í netheimum. Reynslan mun kenna okkur að við munum vel geta átt slíkar viðræður á rafrænum vettvangi og gæti alveg séð þetta form fyrir sér í framtíðinni, þó að gott sé að hittast.

Pingforseti taldi af umræðu um málið sé rétt væri að beina þeim tilmælum til stjórnar að taka mið af umræðunum og taka upp það sem þurfa þykir í framhaldi af þessu þingi.

Pingforseti kannaði hvort það væru í undirbúningi tillögur um efnislegar breytingar á tillögu um skipan samgöngu- og fjarskiptanefndar. Engin tók til máls og pingforseti tilkynnti að tilagan væri þar með staðfest.

Pingforseti kynnti að kosningakerfið væri nú komið í gang og hægt væri að óska eftir kosningum um næstu tillögu kjörnefndar. Ekki var óskað eftir kosningu og pingforseti tilkynnti að sama fyrirkomulag væri þá áfram um afgreiðslu tillagna og gaf formanni kjörnefndar orðið.

Baldur Smári tók til máls.

Hann kynnti að úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs væri kosin samkvæmt nýjum ákvæðum samþykktu, kosið er í tvö fagrað, fagrað menningar og fagrað nýsköpunar og atvinnuþróunar og síðan í úthlutunarnefnd, tillagan er sem hér segir.

### Fagrað menningar

Aðalmenn	Varamenn
Smári Haraldsson, Ísafirði Svanhvít Skjaldardóttir, Vesturbyggð Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, Reykhólum Elísabet Haraldsdóttir, utan svæðis, formaður	Guðrún Bjarnveig Magnúsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað Davíð Rúnar Gunnarsson, Vesturbyggð Hrafnhildur Skúladóttir, Strandabyggð Bjarni Snæbjörnsson, utan svæðis

### Fagrað atvinnuþróunar og nýsköpunar

Aðalmenn	Varamenn
Tinna Ólafsdóttir, Ísafjarðarbæ Anna Vilborg Rúnarsdóttir, Vesturbyggð Viktoría Rán Ólafsdóttir, Strandabyggð Hólmfríður Einarsdóttir, utan svæðis, formaður	Jón Páll Hreinsson, Bolungarvík Sigurður Viggósson, Vesturbyggð Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Reykhólahreppi Arnar Sigurðsson, utan svæðis

Aðalmenn	Varamenn
Kristján Þór Kristjánsson, Ísafjarðarbæ, formaður Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð Arnlín Óladóttir, Kaldrananeshreppi Elísabet Haraldsdóttir, formaður fagraðs menningar Hólmfríður Einarsdóttir, formaður fagraðs nýsköpunar	Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Bolungarvík Ingibjörg Jóna Nóadóttir, Tálknafirði Árný Huld Haraldsdóttir, Reykhólum Bjarni Snæbjörnsson, utan svæðis Arnar Sigurðsson, utan svæðis

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

Formaður kynnti að kjörnefnd óskar eftir að kosið sé um tillöguna í heild sinni en kynnti bakgrunn tilnefndra fulltrúa.

Pingforseti gaf orðið laust.

Sif Huld Albertsdóttir, tók til máls, spyr hvort kynjahlutföll hafi verið metin við gerð tillagna en ljóst er að hér halli á karlkynið.

Ingimar tók til máls, nefndi að þegar á heildina er litið, yfir allar nefndirnar þá sé kynjahlutfall nokkuð jafnt en þó örlítið færri karlmenn.

Baldur Smári, tók til máls, sagðist taka undir með Ingimari, nefndin væri sátt við endanleg tillögu og benti á að frambærilegt fólk er það sem skiptir mestu máli, frekar en kyn.

Lilja Magnúsdóttir, tók til máls, það má líka benda á það að nefndarmenn hafi fengið ábendingar um tilnefndar aðila og þær tilnefndingar voru ekki í kynjahlutfalli. Tekur undir að það halli á karlmenn í fagráðunum en hin eiginlega úthlutunarnefnd er með jafnari skiptingu. Formenn fagráðanna eru konur. Kynjahalli er vegna þingskapa sem kveða á um að formenn eigi að sitja í úthlutunarnefndinni.

Sif Huld, tók til máls, þakkar fyrir svör nefnarmanna en vildi benda á ákvæði 15. gr. jafnréttis laga og hún teldi að tilnefningar í stjórn og nefndir Fjórðungssambandsins yrðu að falla þar undir.

Pingforseti kynnti tillögu að úthlutunarnefnd og fagráðum og spurði hvort þingfulltrúar væru með aðrar tillögur. Enginn kvaddi sér hljóðs. Pingforseti kynnti að þá teljist þessi tillaga samþykkt án móttatkvæða.

Pingforseti gaf nú formanni kjörnefndar aftur orðið.

Baldur Smári kynnti tillögu að fjárhagsnefnd sem kosin væri samkvæmt afgreiðslu þingsins á tillögu um breytingar á samþykktum Fjórðungssambandsins, tillagan er sem hér segir.

### Fjárhagsnefnd

Aðalmenn	Varamenn
Daníel Jakobsson, formaður, Ísafjarðarbæ	Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ
Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað	Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað
Eva Sigurbjörnsdóttir, Árneshreppi	Embla Dögg Jóhannsdóttir, Reykólahreppi
Sif Huld Albertsdóttir, Ísafjarðarbæ	Ásgeir Hólm Agnarsson, Súðavíkurhreppi
Jón Árnason, Vesturbyggð	Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi

Pingforseti gaf orðið laust um þessa tillögu. Engin kvaddi sér hljóðs.

Pingforseti bar upp tillöguna og spurði hvort aðrar tillögur eða önnur framboð hafi komið fram. Engin kvaddi sér hljóðs. Pingforseti kynnti að tillaga teldist samþykkt og fjárhagsnefnd kjörinn án móttatkvæða.

Pingforseti gaf formanni kjörnefndar nú orðið.

Baldur Smári kynnti tillögu að löggiltum endurskoðanda Fjórðungssambands Vestfirðinga. Tók hann fram að ekki þyrfti lengur að tilgreina einstakling heldur nægði að tilgreina endurskoðnarfyrirtæki. Tillagan er sem hér segir.

Endurskoðun Vestfjarða ehf, Ísafirði

Pingforseti gefur orðið laust um þessa tillögu. Engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti tillöguna upp til samþykktar. Engin móttatkvæði komu fram og kynnti þingforseti að tillagan væri samþykkt.



### 11. Önnur mál

Pingforseti opnar fyrir umræðu um önnur mál og gaf orðið laust.

Eva Sigurbjörnsdóttir, tók til máls, taldi hún þetta hafa verið lærdómskríkt að sitja svona þing og er reynslunni ríkari og vonar að allt gangi betur næst. Þakkar fyrir að vera treyst fyrir að sitja í þessari fínu nefnd.

Friðbjörg Matthíasdóttir tók til máls, hún vildi þakka fyrir gott þing og óska nýkjörnum formönnum til hamingju og óska þeim velgengi í sínum störum og öllum í nefndum líka. Ýtrekar það sem sagt var í umræðu um kostningar að stjórn fari yfir framkvæmd þingsins og læra af því sem þar kom fram. Taldi hún að það yrði til bóta að hafa sérstakan vinnuvef á heimasíðu á meðan á þinginu stæði þar sem ný skjöl yrðu lögð fram jöfnum höndum. Eins óskaði hún eftir að unnir yrðu listar um nefndar- og stjórnarsetu aftur í tímann og þeir væru hluti af kynningargögnum sambandsins.

Pingforseti óskar eftir heimild þingsins til að ganga frá pinggerð með riturum þingsins og gefur nýkjörnum formanni orðið til að slíta þingi.

Samþykkt einróma.

Hafdís Gunnarsdóttir þakkar öllum þingfulltrúm og starfsmönnum fyrir vel unnin störf og þakkar Sigurði Hreinssyni fyrir gott samstarf í stjórn Fjórðungssambandsins og býður Þórð Guðmundsson velkominn til starfa. Lagði hún áherslu á mikilvægi umræðu um málefni Vestfjarða og ná fram samstöðu um mál. Þakkaði síðan aftur fyrir gott þing og sleit 65. Fjórðungspingi Vestfirðinga.

**Þingslit kl. 13:25**

**Jón Páll Hreinsson, þingforseti**

**Agnes Arnardóttir, þingritari**

**Guðrún Anna Finnbogadóttir, þingritari.**

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

---

### Pingskjal nr. 1

#### Dagskrá

##### 9. október

- 13:00 Þing sett að nýju. Kosning þingforseta og ritara
- 13:10 Ávarp formanns - Hafdís Gunnarsdóttir
- 13:20 Ávarp samgöngu- og sveitastjórnarráðherra – Sigurður Ingi Jóhannsson
- 13:30 Ávarp formanns Sambands Íslenskra sveitarfélaga – Aldís Hafsteinsdóttir
- 13:50 Stutt kaffihlé
- 14:10 Skýrsla samgöngu- og fjarskiptanefndar
- 14:25 Skýrsla um framkvæmd og stöðu Sóknaráætlunar Vestfjarða
- 14:40 Fjárhags- og starfsáætlun 2021  
Fjárhags- og starfsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga  
Fjárhags- og starfsáætlun, Vestfjarðastofu  
Ákvörðun um árstillag sveitarfélaganna á næsta starfsári  
Laun og þóknun til stjórna og nefnda
- 15:20 Tillaga um breytingu á samþykktum.
- 15:40 Ályktanir og nefndarstörf – 1. umræða
- 16:30 Þinghlé

##### 10. október

- 09:00 Nefndarstörf
- 10:30 Afgreiðsla ályktana
- 11:30 Kosningar  
Kosning stjórnar, varastjórnar og kosning formanns  
Kosning í fastanefndir – (Samgöngu- og fjarskiptanefnd, fagráð og úthlutunarnefnd og fjármálanefnd ef breytingar á samþykktum eru samþykktar)  
Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis
- 12:00 Önnur mál
- 12:30 Þingslit

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

### Pingskjal nr. 2

#### Atkvæðavægi sveitarfélaga á 65. Fjórðungspingi Vestfirðinga – Haust

4. gr. Fulltrúar á Fjórðungsping og atkvæðaréttur.

Fulltrúar á Fjórðungspingi eru aðalmenn í sveitarstjórn eða varamenn þeirra.

Atkvæðafjöldi hvers sveitarfélags deilist jafnt niður á alla aðalmenn í sveitarstjórn.

Heimilt er sveitarstjórnarmanni að framselja atkvæðarétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa frá eigin sveitarfélagi, sjái varamaður hans sér ekki fært að mæta í hans stað. Framselji aðalmaður atkvæðarétt sinn til varamanns eða annarra þingfulltrúa, skal hann tilkynna það í sveitarstjórn og afhenda viðkomandi undirritaða yfirlýsingu því til staðfestingar, sem leggja þarf fram við komu á Fjórðungsping.

**Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga skipast þannig: Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði. Atkvæðaréttur hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert**

#### Íbúar 1.jan.20

Heiti sveitarfélags	Fjöldi íbúa	Grunnatkvæði	Atkvæðavægi	
Reykholahreppur	262	300	562	5,73%
Vesturbyggð	1021	300	1321	13,46%
Tálknafjarðarhreppur	251	300	551	5,61%
Bolungarvík	955	300	1255	12,79%
Ísafjarðarbær	3809	300	4109	41,86%
Súðavíkurhreppur	208	300	508	5,18%
Árneshreppur	43	300	343	3,49%
Kaldrananeshreppur	109	300	409	4,17%
Strandabyggð	457	300	757	7,71%
Samtals	7115	2700	9815	100%

---

### Pingskjal nr. 3

#### Samþykktir Fjórðungssambands Vestfirðinga<sup>1</sup>

##### 1. gr. Heiti og heimili

Samtökin nefnast Fjórðungssamband Vestfirðinga. Starfsvæði Fjórðungssambandsins er Vestfirðir allir að Brekkuá í Gilsfirði að vestan og austur um að Stikuhálsi milli Bitru og Hrutafjarðar. Heimili og varnarþing sambandsins er á Ísafirði.

##### 2. gr. Hlutverk

Fjórðungssamband Vestfirðinga eru landshlutasamtök allra sveitarfélaga á Vestfjörðum og starfar með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Markmið sambandsins eru:

- að efla og styðja við búsetu, mannlíf og atvinnulíf á Vestfjörðum.
- að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaga á Vestfjörðum og vinna að hagsmunum og samstarfi þeirra.
- að efla samvinnu sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna.
- að vinna að sameiginlegum málum er löggjafinn kann að fela þeim.

Málaflokkar sem Fjórðungssamband Vestfirðinga fæst við, snúa að byggðaðpróun og atvinnumálum, menningarmálum, markaðsmálum og kynningu Vestfjarða. Heimilt er að stofna og starfrækja ráð og nefndir til að sinna afmörkuðum verkefnum og hafa samvinnu um vinnu við tiltekna málaflokka á grundvelli samninga.

Sambandið skal starfa í samvinnu við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga og samstarfsnefndir sveitarfélaga á Vestfjörðum auk annarra félaga og stofnana sem starfa á vestfirska vísu, eða vinna að hagsmunamálum Vestfjarða eftir því sem við á.

##### 3. gr. Fjórðungsping Vestfirðinga

Ársfundur Fjórðungssambands Vestfirðinga nefnist Fjórðungsping Vestfirðinga. Fjórðungsping er haldið í tvennu lagi á hverju ári, Fjórðungsping að vori skal haldið í apríl eða maí og Fjórðungsping að hausti í september eða október.

Stjórn boðar til þingsins með minnst fjögurra vikna fyrirvara og skal dagskrá send sveitarstjórnnum eigi síðar en tíu dögum fyrir þingið. Þingið er lögmætt ef löglega er til þess boðað. Fjórðungsping Vestfirðinga setur sér þingsköp í samræmi við samþykktir sambandsins.

Stjórn er heimilt að bjóða til Fjórðungspings, aðilum sem tengjast umfjöllun og starfi sambandsins og hafi þeir málfrelsi og tillögurétt.

Aukaping skulu haldin þegar stjórn sambandsins telur ástæðu til svo og þegar fjórðungur sveitarfélaga innan sambandsins óskar þess, enda sé fundarefni tilgreint. Boðað skal til aukapings með a.m.k. viku fyrirvara og skal aukaping haldið innan tveggja mánaða frá því að beiðni berst.

##### 4. gr. Fulltrúar á Fjórðungsping og atkvæðaréttur

---

<sup>1</sup> Þannig samþykkt á 4. Haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldið á Hólmavík þann 26. október 2019

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

Fulltrúar á Fjórðungspingi eru aðalmenn í sveitarstjórn eða varamenn þeirra.

Atkvæðafjöldi hvers sveitarfélags deilist jafnt niður á alla aðalmenn í sveitarstjórn.

Heimilt er sveitarstjórnarmanni að framselja atkvæðarétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa frá eigin sveitarfélagi, sjái varamaður hans sér ekki fært að mæta í hans stað. Framselji aðalmaður atkvæðarétt sinn til varamanns eða annarra þingfulltrúa, skal hann tilkynna það í sveitarstjórn og afhenda viðkomandi undirritaða yfirlýsingu því til staðfestingar, sem leggja þarf fram við komu á Fjórðungsping.

Atkvæðisréttur sveitarfélaga á þingum Fjórðungssambands Vestfirðinga skipast þannig: Hvert sveitarfélag hefur 300 atkvæði sem grunnatkvæði. Fyrir hvern einn íbúa sveitarfélagsins bætist við eitt atkvæði. Atkvæðaréttur hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert.

### 5. gr. Stjórn Fjórðungssambandsins

Kosning í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fer fram á haustþingi. Kjósa skal fimm menn í stjórn sambandsins og jafn marga til vara. Kjörtímabil stjórnar eru 24 mánuðir, kosið skal í stjórn á kosningarári sveitarstjórna og aftur að tveimur árum liðnum. Kjörgengir til stjórnar eru aðal- og varafulltrúar í sveitarstjórnnum á Vestfirðum.

Úr hópi kjörinna stjórnarmanna kýs Fjórðungsping formann stjórnar, en stjórn kýs varaformann. Stjórnarformaður, sem gegnt hefur formennsku í fjögur ár samfleytt, er ekki kjörgengur til formannskjörs fyrr en að jafnlöngum tíma liðnum. Ef aðalmaður eða varamaður í stjórn eða nefnd fellur frá eða missir kjörgengi, skal á næsta ársþingi kjósa í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímanum.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fer með yfirstjórn á rekstri sambandsins í samræmi við fjárhagsáætlun og aðrar samþykktir. Stjórn vinnur að framkvæmd mála sem Fjórðungsping ákveður hverju sinni eða lög frá Alþingi segja til um. Stjórn er heimilt að hafa frumkvæði að málum og taka upp mál sem sveitarfélög innan sambandsins beina til hennar og varða hagsmuni vestfirskra sveitarfélaga.

### 6. gr. Ársreikningur

Reikningsár sambandsins er almanaksárið.

### 7. gr. Árstíllag sveitarfélaganna

Ákvörðunum um árstíllag sveitarfélaganna til sambandsins er tekin á haustþingi. Árstíllagið skal vera tiltekin upphæð á hvern íbúa viðkomandi sveitarfélags og skal miðað við íbúafjölda 1. janúar ár hvert. Gjalddagar skulu vera 15. dags hvers mánaðar með jöfnum greiðslum yfir árið. Sé gjaldið ekki greitt fyrir 1. dag næsta mánaðar skal reikna dráttarvexti frá gjalddaga.

### 8. gr. Fjórðungsping að vori

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal undirbúa og hafa umsjón með Fjórðungspingi að vori, ár hvert.

Stjórnin leggur fyrir Fjórðungsping endurskoðaða og áritaða ársreikninga, endurskoðaða fjárhagsáætlun líðandi árs og undirbýr önnur mál fyrir þingið. Bæði ársreikningarnir og endurskoðuð fjárhagsáætlun skulu hafa verið send sveitarstjórnnum eigi síðar en 15 dögum fyrir Fjórðungsping.

Á dagskrá Fjórðungspings að vori skulu vera þessi mál;

1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga, sem FV ber ábyrgð á.

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðanda FV og rekstrareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár.
4. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.
5. Önnur mál löglega fram borin.
6. Frestun Fjórðungsþings Vestfirðinga.

### 9. gr. Fjórðungsþing að hausti

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal undirbúa og hafa umsjón með Fjórðungsþingi að hausti ár hvert. Stjórnin leggur fyrir Fjórðungsþing fjárhagsáætlun fyrir næsta ár, endurskoðaða fjárhagsáætlun líðandi árs og undirbýr önnur mál fyrir þingið. Bæði fjárhagsáætlun næsta árs og endurskoðuð fjárhagsáætlunin líðandi árs skulu hafa verið send sveitarstjórnnum eigi síðar en 15 dögum fyrir Fjórðungsþing.

Haustþingið skal ræða helstu hagsmunamál sveitarfélaganna á Vestfjörðum og getur ályktað um þau mál sem borin eru þar upp og ræður afl atkvæða niðurstöðu máls.

Á dagskrá Fjórðungsþings að hausti skulu vera þessi mál;

1. Ávarp formanns FV.
2. Skýrsla formanns Samgöngu og fjarskiptanefndar.
3. Skýrsla um framkvæmd og stöðu Sóknaráætlunar Vestfjarða.
4. Ályktanir um helstu hagsmunamál Vestfirðinga og stefnumótun sveitarfélaganna í einstaka málum.
5. Laun og þóknun til stjórna og nefnda.
6. Ákvörðun um árstíllag sveitarfélaganna á næsta starfsári.
7. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsárs.
8. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis.
9. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns.
10. Kosning í fastanefndir.
11. Breytingar á samþykktum FV.
12. Önnur mál löglega fram borin.

### 10. gr. Fastanefndir

Á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga starfa tvær fastanefndir, Fastanefnd um samgöngumál og fjarskipti og Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða.

Á Fjórðungsþingi skulu kosnir fulltrúar í þessar nefndir;

- í samgöngu- og fjarskiptanefnd skulu kjörnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Formann nefndar um samgöngumál og fjarskipti skal kjósa sérstaklega úr hópi stjórnar sambandsins.
- í Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs skulu kjörnir fimm fulltrúar. Þrjú fulltrúar úr hópi aðalfulltrúa eða varafulltrúa sveitarstjórna á Vestfjörðum, þar af einn fulltrúi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum og einn fulltrúi af Ströndum/Reykhólum. Tveir fulltrúar skulu koma utan Vestfjarða og verði valdir úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

• Kjörrið skal í tvö fagráð sem fjalli um umsóknir áður en úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs fær umsóknir til afgreiðslu. Í fagráð menningar skulu kjörnir fjórir fulltrúar og í fagráð atvinnuþróunar, nýsköpunar og umhverfismála skulu kjörnir fjórir fulltrúar. Þrír fulltrúar hvors fagráðs skulu kjörnir með tilliti til þess að einn fulltrúi komi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af Ströndum/Reykhólum og einn utan Vestfjarða. Fulltrúar skulu koma úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsóknna og háskólastofnunum.

Kjörtímabil nefnda skal vera tvö ár og fylgir kosningu stjórnar samanber 5. gr. Þá skal Fjórðungsping kjósa fulltrúa sambandsins í aðrar nefndir og ráð.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skal stofna til samráðsvettvangs framkvæmdastjóra og oddvita sveitarfélaga á Vestfjörðum sem fundi með stjórn allt að fjórum sinnum á ári.

### 11. gr. Kostnaður

Kostnaður við stjórn sambandsins, fundahöld, ferðalög stjórnar og annar sameiginlegur kostnaður greiðist af sambandinu. Þóknarir vegna setu í stjórn, nefndum og ráðum skulu ákveðnar á Fjórðungspingi.

Hvert sveitarfélag greiðir ferðakostnað eigin fulltrúa á Fjórðungspingum.

### 12. gr. Vestfjarðastofa

Vestfjarðastofa heldur utan um rekstur FV samkvæmt samningi. Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu er jafnframt framkvæmdastjóri FV og hefur á hendi þau störf, sem stjórn þess felur honum. Starfslýsing, er kveður á um helstu verkefni framkvæmdastjóra fyrir FV, skal vera hluti af ráðningarsamningi Vestfjarðastofu við hann.

### 13. gr. Framkvæmd verkefna

Stjórn Vestfjarðastofu og þar með stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, ræður framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning. Framkvæmdastjóri veitir skrifstofu Vestfjarðastofu forstöðu og hefur á hendi fjármálastjórn fyrir Vestfjarðastofu og Fjórðungssambandið.

Framkvæmdastjóri og sviðstjórar eiga seturétt á Fjórðungspingi jafnt að vori sem á hausti, sem og stjórnarfundum með fullu málfrelsi og tillögurétti. Framkvæmdastjóri skal leggja fram starfskýrslu á Fjórðungspingi að vori.

Stjórn FV skal gera skriflegan samning við stjórn Vestfjarðastofu um framkvæmd verkefna fyrir hönd FV. Þar sem öll stjórn FV er í stjórn Vestfjarðastofu, skal varaformaður FV velja tvo aðra stjórnarmenn með sér til að gæta hagsmuna FV í tvíhliðasamningum við Vestfjarðastofu.

### 14. gr. Um aðild og úrsögn

Sækist sveitarfélag eftir aðild að sambandinu skal það senda umsókn til stjórnar sambandsins eigi síðar en mánuði fyrir Fjórðungsping og skal leggja umsóknina fyrir þingið. Meirihluta atkvæða þarf fyrir samþykki um aðild og ef umsókn um aðild er samþykkt skal hún taka gildi næstu áramót eftir.

Sveitarfélag sem hefur fengið samþykka aðild skal greiða fyrir eignarhlut sinn í sambandinu í hlutfalli við íbúafjölda, miðað við 1. janúar. Miða skal við hreina eign sambandsins, miðað við síðustu áramót.

Kjósi sveitarfélag að hætta þátttöku í sambandinu, skal tilkynna það stjórn eigi síðar en átta vikum fyrir Fjórðungsping að vori og tekur úrsögnin gildi um næstu áramót á eftir. Við úrsögn skal reikna út eignarhlut eða skuld sveitarfélags í sambandinu. Greiðsla til sveitarfélags, eða frá sveitarfélagi, skal vera í hlutfalli við íbúafjölda. Hætti sveitarfélag þátttöku í sambandinu þá skal jafnframt fara fram endurskoðun á samþykktum þessum.

Verði breyting á sveitarfélagamörkum og nöfnum sveitarfélaga með sameiningu sveitarfélaga halda hin sameinuðu sveitarfélög aðild að FV án sérstaks uppgjörs eða meðhöndlunar sem um úrsögn væri að ræða.

### 15. gr. Breytingar á samþykktum

Tillögur til breytinga á samþykktum þessum skulu sendar aðildarsveitarfélögum með dagskrá þingsins. Breyta má samþykktum þessum á Fjórðungspingi og þarf 2/3 hluta gildra atkvæða til að breyting nái fram að ganga.

### 16. gr. Slit

Fjórðungssambandið verður ekki lagt niður nema á kosningaári og þá aðeins að löglega boðuð Fjórðungsping að vori og að hausti, samþykki það með 2/3 hluta atkvæða á báðum þingum. Þingin skulu haldin á hefðbundnum tíma árs og með a.m.k. þriggja mánaða millibili. Tillaga að slitum sambandsins skal fylgja fundarboði. Áður en seinni fundurinn er haldinn skal afstaða aðildarsveitarfélaga til slitanna liggja fyrir. Til þess að slit á sambandinu nái fram að ganga þurfa 2/3 hlutar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að staðfesta þau.

### Þingsköp fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga<sup>2</sup>

1. gr.

Árspingið heitir Fjórðungsping Vestfirðinga.

2. gr.

Þingið er haldið samkvæmt lögum sambandsins í tvennu lagi að vori og hausti. Við lok vorþings er þingi frestað til haust og við lok haustþings er þingi slitið.

3. gr.

Formaður stjórnar sambandsins, eða annar í umboði hans, setur þingið og gengst fyrir kosningu þingforseta. Lætur forseti því næst kjósa varaforseta og ritara, einn eða fleiri, og rita þeir þinggerð í tölvu. Heimilt er þingforsetum að ráða utanþingskrifara til aðstoðar ritara. Heimilt er að senda út og hljóðrita ræður þeirra sem til máls taka á þingfundum.

4. gr.

Þingfulltrúar skrá sig við upphaf þingsins.

5. gr.

Fulltrúar skulu tilkynna þingforseta skriflega málefni þau er þeir óska að komi til umræðu og sé jafnframt getið flutningsmanna. Þingforsetar ráða röð málanna á dagskránni.

6. gr.

Í upphafi haustþings skal kjósa eftirtaldar fastar nefndir: Fjórðungsmálanefnd, fjármálanefnd og allsherjarnefnd. Málum skal, eftir eðli þeirra, vísað til þeirra nefnda en kjósa má fleiri nefndir ef þurfa þykir eða starfa í einni málstofu. Rísi ágreiningur um til hvernar nefndar skuli vísað sker þingfundur úr. Á þingum, þegar kosningar fara fram, skal þingið kjósa fimm manna kjörnefnd sem gera skal

---

<sup>2</sup> Þannig samþykkt á 4. Haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldið á Hólmavík þann 26. október 2019



## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

---

tillögur að skipan stjórnar, varastjórnar, aðal- og vara- endurskoðenda. Á dagskrá má taka mál, sem síðar koma, ef þingfundur leyfir.

7. gr.

Meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum á fundum. Mál er fallið ef atkvæði eru jöfn.

8. gr.

Tvær umræður skulu fara fram um hvert mál, þó er heimilt að víkja frá þessari reglu ef fundurinn samþykkir. Við lok fyrri umræðu skal málum vísað til nefnda. Eftir umfjöllun nefnda skal mál tekið til annarrar umræðu og afgreiðslu þings.

9. gr.

Hver þingfulltrúi hefur leyfi til að koma með breytingar- eða viðaukatillögur, bæði við aðaltillögur og breytingartillögur. Breytingartillögur hafa forgangsrétt við atkvæðagreiðslur.

Allar tillögur skal afhenda forseta skriflega, undirritaðar af tillögumanni, áður en til atkvæða er gengið.

10. gr.

Máli má víkja frá umræðu með rökstuddri dagskrá og skal hún borin undir atkvæði þingfundar.

11. gr.

Atkvæðagreiðsla fari fram með nafnakalli, ef þess er krafist, eða ef hún er óljós að dómi forseta. Sé óskað skriflegrar atkvæðagreiðslu, skal hún fara fram og skal stjórnin hafa tiltæka atkvæðaseðla miðað við atkvæði hvers þingfulltrúa.

12. gr.

Þegar forseti vill taka þátt í umræðum vikur hann sæti en varaforseti gegnir þá forsetastörfum.

13. gr.

Fulltrúar skulu taka til máls standandi frá sætum sínum eða í ræðustól og snúa máli sínu til forseta, sem sjá skal um, að fulltrúar taki til máls í rétttri röð, eftir því sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Enginn fulltrúi má í ræðu sinni lesa upp prentað mál, nema með leyfi forseta.

14. gr.

Enginn fulltrúi má taka oftari til máls en þrisvar sinnum við sömu umræðu í hverju máli, en þó skulu flutningsmenn máls og framsögumenn meiri- og minnihluta nefnda hafa rétt til að taka oftari til máls.

15. gr.

Forseta skal skylt að bera undir atkvæði hvort umræðum skuli hætt, ef fimm fulltrúar æskja þess skriflega.

16. gr.

Forseti sér um að góð regla sé á fundum og hefur rétt til að víta framkomu fulltrúanna í orðum og hátterni. Sé fulltrúi mjög ókurteis í orðum hefur forseti leyfi til að taka af honum orðið við þá umræðu. Skyldir skulu fulltrúarnir til að aðstoða forseta í að halda góðri reglu.

17. gr.

Þingfundir skulu öllum opnir á meðan húsrúm leyfir án málfrelsis og tillöguréttar. Heimilt er að halda lokaðan þingfund ef meirihluti þingfulltrúa samþykkir.

18. gr.Þingskötum þessum má breyta og þarf 2/3 hluta gildra atkvæða til að breytingin nái fram að ganga.

### Þingskjal nr. 4

#### Skýrsla stjórnar FV – 65. Fjórðungsþing Vestfirðinga haustþing

Sveitarstjórnarfolk á Vestfjörðum, starfsmenn Vestfjarðastofu og aðrir tilheyrendur.

Það er aðeins ein leið til að hefja þetta ávarp og það er með því að fagna málalokum í stjórnsýsluflækunni sem Teigsskógarmálið var. Úrskurðanefnd hefur kveðið upp sinn dóm sem þýðir að málið hefur loksins náð á endastöð í stjórnsýslunni. Vegagerðin mun bjóða út þverun Þorskafjarðar í haust og framkvæmdir geta þá hafist í vetur. 20 ára barátta fyrir mannsæmandi samgöngum og aldrei gáfumst við Vestfirðingar upp. Við erum svo sannarlega þrjóskari en andskotinn. Til hamingju Vestfirðingar allir! Það er þó þyngra en tárur taki að hugsa til þess að opinber stofnun – Skipulagsstofnun – hafi farið út fyrir lögbundið hlutverk sitt í málinu og þannig tafið enn frekar nauðsynlegar samgöngubætur á Vestfjörðum. Slíkt er algjörlega óboðlegt, því stofnanir okkar eiga að vinna með landsmönnum en ekki gegn þeim.

Talandi um samgöngur, þá eru miklar samgönguframkvæmdir í gangi á Vestfjörðum og verða áfram næstu árin. Því ber að fagna. Nú hafa bæði verið boðnir út vegkaflar á Dynjandisheiði og í Gufudalssveit, en jafnframt eru boðuð stór útboð vegna framkvæmda á þessum vegum sem á að ljúka árið 2024. Um er að ræða mestu fjárfestingar í samgönguinnviðum á Vestfjörðum í langan tíma á árabílinu 2018-2024. Áfram munum við leggja áherslu á að tryggja að Bíldudalsvegur, Innstrandavegur og Veidileysuháls komist á kortið á þessu tímabili samgönguáætlunar í þessari miklu framkvæmdahringu. Mikilvægt er að þessar fjárfestingar nýtist og skapi slagkraft fyrir öfluga atvinnuuppbyggingu, verðmætasköpun og umsvif, Vestfjörðum og Íslandi öllu til heilla. Einhverjir myndu segja að nú væru Vestfirðingar í dauðafæri.

Það er kannski erfitt að sjá tækifærin sem blasa við okkur Vestfirðingum akkúrat núna, mitt í þessu Covid-fári. Við sjáum ekki alveg fyrir endann á þessu, eins og er. Við erum með fyrirtæki sem róa lífróður sinn og sjá ekki enn í land. Við erum með sveitarfélög sem sjá ekki hvernig þau munu fjármagna nauðsynlega þjónustu þar sem framlög frá jöfnunarsjóði hafa verið skert verulega. Einmitt þess vegna er megin viðfangsefni þessa haustfundar covid-19 faraldurinn og þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir vegna hans. Það er gott fyrir okkur sveitarstjórnarfolk að hittast (innan gæsalappa) og skiptast á hugmyndum og leiðum sem færar eru í þessu árferði.

Kæru fundarmenn, árið 2021 mun vissulega litast af covid. Hér á þessu þingi verður farið yfir fjárhagsáætlun FV og Vestfjarðastofu sem rammur inn þau verkefni sem við ætlum í. Sveitarfélögum og aðilum atvinnulífsins verður boðað til fundar um gerð starfsáætlunar. Er sveitarstjórnarfolk hér með hvatt til að láta í sér heyra varðandi áherslurnar í henni. Hér á fjórðungsþingi verða lagðar línurnar með ályktunum og þeim skoðunum sem settar verða hér fram. Til þeirra verður litið við gerð

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

starfsáætlunar. Fjórðungssamband Vestfirðinga er til fyrir sveitarfélögin, því á sveitarstjórnarfólk að segja til um hvaða verkefni eiga að vera í forgangi og hvaða verkefni mega missa sín. Látið í ykkur í heyra.

Gott sveitarstjórnarfólk. Verkefnin framundan eru mörg og þrátt fyrir covid-þokuna sem við ráfum í núna stöndum við á tímamótum. Vegna covid verða umsvif ríkisins umtalsverð á næstu tveimur árum. Við þurfum að tryggja hlut Vestfjarða í þessum framkvæmdum. Við þurfum tryggja að svæðið sé samkeppnishæft við önnur svæði á landinu. Áfram verða því raforkumál, fjarskiptamál og samgöngumál sett á oddinn hjá Fjórðungssambandinu, auk þess sem áherslan verður lögð á fjárfestingar og atvinnuuppbyggingu. Við þurfum að fylgja eftir verkefnum Landsnets um uppbyggingu flutningskerfa á sunnanverðum Vestfjörðum og úrbætur á tengivirkjum og flutningslínunum til að mæta óveðrum eins og það sem gekk yfir landið í desember og janúar síðastliðinn. Jafnframt þarf að fylgja eftir hringtengingu flutningskerfis raforku á Vestfjörðum. Minnum öll þingmenn á það loforð sem Alþingi gaf árið 2018, um að setja Vestfirði í forgang í raforkumálum.

Já, við stöndum á tímamótum. Með töluverðum samgöngubótum framundan, m.a. opnun Dýrafjarðargangna, skapast hér gífurleg tækifæri fyrir sveitarfélög á Vestfjörðum. Tækifæri til að vinna meira saman, tækifæri til uppbyggingar og framþróunar atvinnulífs, tækifæri til að koma Vestfjörðum loksins á kortið. Við sáum hvað gerðist í sumar. Landsmenn flyktust til okkar og Vestfirðir urðu heitasti áningastaður landsins. Ég er sannfærð um að þetta sé það sem koma skal á næstu árum. Við erum á þeim tímapunkti að vera loksins að fá einhver af okkar stærstu baráttumálum í gegn og þá megum við öll klappa okkur svolítið á bakið. Komum okkur saman í gegnum þessa covid-þoku og förum svo fulla ferð áfram.

Ég þakka fyrir mig.

# 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

## Pingskjal nr. 5a

### Tillaga stjórnar að fjárhagsáætlun 2021

Fjórðungssamband Vestfirðinga - Fjárhagsáætlun 2021										
	Almennings- samgöngur	Atvinnu og nýsköpunam- ál	Byggða- bröun	Markaðs- stofa	Menningar- mál	Sóknar- áætlun	Rekstur skrifstofu	Samtals áætlun 2021	Samtals áætlun 2020	Samtals rauntölur 2019
<b>Rekstrartekjur</b>										
Framlög ríkissjóðs	0		15.000.000	16.400.000	0	97.800.000		129.200.000	157.400.000	190.317.591
Framlög Jöfnunarsjóðs						0	33.000.000	33.000.000	34.500.000	44.257.373
Framlag Byggðastofnunar		42.750.000						42.750.000	42.693.000	42.693.000
Framlög sveitarfélaga		6.500.000	4.000.000	6.800.000	9.900.000		18.100.000	45.300.000	45.100.000	44.894.724
Aðrar tekjur							10.000.000	10.000.000	10.000.000	2.240.255
Styrkir innan ársins								5.000.000		
Ónotaðir styrkir f.f. ári	5.026.226	3.550.000			1.500.000	6.122.332		16.198.558	53.058.219	71.626.106
Ónotaðir styrkir til næsta árs	0								-16.198.558	-53.058.219
Vaxtatekjur						350.000	100.000	450.000	650.000	2.614.505
	5.026.226	52.800.000	19.000.000	23.200.000	11.400.000	104.272.332	61.200.000	276.898.558	332.202.661	345.585.335
Laun og launatengd gjöld							7.900.000	7.900.000	7.700.000	7.690.303
Framlag til Vestfjarðastofu	500.000	52.800.000	19.000.000	23.200.000	9.900.000	10.000.000	41.200.000	156.600.000	166.712.610	168.967.988
Áhersluverkefni						30.300.000		30.300.000	56.354.164	25.975.000
Greiðdir styrkir					1.500.000	57.500.000		59.000.000	72.800.000	107.200.000
Niðurfelldir styrkir								0		-1.850.000
Aðkeyptir verktafar	1.000.000							1.000.000	2.000.000	34.993.640
Aðkeypt sérfræðipjónusta	3.526.226					6.122.332		9.648.558	11.800.000	
Annar skrifstofukostnaður							1.700.000	1.700.000	3.855.000	1.467.777
Niðurfærsla viðskiptakrafna (Markaðsstofa, árgjöld, sýningaþáttaka)								0	700.000	900.000
Önnur gjöld							10.200.000	10.200.000	10.000.000	2.324.860
Fyrningar							9.000	9.000	9.000	9.495
Vaxtatekjur/(vaxtagjöld)										
	5.026.226	52.800.000	19.000.000	23.200.000	11.400.000	103.922.332	61.009.000	276.357.558	331.930.774	347.679.063
Rekstrarniðurstaða	0	0	0	0	0	350.000	191.000	541.000	271.887	-2.093.728

## Pingskjal nr. 5b

### Fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2021.

Ný framsetning er kynnt hér sem unnin var í samráði við fjármálanefnd sem kjörin var á 65. Fjórðungspingi, vorþingi, eins voru endurskoðendur sambandsins hafir með í ráðum og eru þeir sáttir með þessa breytingu.

Nú eru teknir saman í einu skjali helstu tekju og gjaldaliðir úr rekstrardeildum og bornir saman við endurskoðaða fjárhagsáætlun 2020 og ársreikning 2019. Einnig eru tekju og gjaldaliðir í hverri rekstrardeild settir upp í áætlun fyrir árið 2021. Hverri rekstrardeild fylgir síðan sundurliðun á tekju og gjaldaliðum líkt og þeir eru settir upp í ársreikningi. Þar er einnig nýjung með ítarlegri sundurliðun á verkefnum sem færast á milli áramóta.

### Rekstartekjur.

Rekstrartekjur er alls áætlaðar 275,5 mkr og lækka um 55 mkr frá árinu 2020, að meginhluta vegna minna fjármagns til verkefna og ráðstöfun ónýtttra styrkja frá fyrri árum.

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRDINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

### Framlög Ríkissjóðs

Framlög ríkissjóðs lækka frá árinu 2020 um 28,2 mkr, sem skýrist af einskiptis fjármagni sóknaráætlunar 25,2 mkr sem rann til átaksverkefnis vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Framlag til samnings um Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 er áætlað 97,8 mkr á árinu 2021, er það samkvæmt ákvæðum samningsins en gæti lækkað við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2021. Eins er lækkun um 3 mkr, vegna einskiptis verkefnafjármagns úr C14 verkefni Byggðaáætlunar um samstarf safna. Gert er ráð fyrir 15 mkr verkefnaframlagi úr C1 verkefni Byggðaáætlunar en umsóknarfrestur er ekki liðinn. Gert er ráð fyrir 16,4 mkr framlagi til Markaðsstofu frá Ferðamálastofu, en það framlag er í ákveðinni óvissu þar til fjárlög 2021 verða afgreidd.

### Framlög Jöfnunarsjóðs.

Landshlutasamtök sveitarfélaga fá samkvæmt reglugerð um Jöfnunarsjóð hlutdeild af almennum tekjum sjóðsins. Áætlað hefur verið að hálfu sjóðsins að framlagið muni nema 33 mkr á árinu 2021 en með fyrirvara um afgreiðslu fjárlaga 2021. Jöfnunarsjóður hefur á síðustu árum veitt framlagi til FV vegna reksturs áætlana í umsjón FV s.s. sóknaráætlunar, ákvörðun um framlag ársins 2021 verður tekin eftir áramót og yrði ráðstöfun þess kynnt í endurskoðaðri fjárhagsáætlun ársins 2021.

### Framlag Byggðastofnunar.

Framlag Byggðastofnunar byggir á samningi FV og Byggðastofnunar um atvinnu og byggðapróun á starfsvæði FV. Samningurinn gildir út árið 2022. Gert er ráð fyrir óbreyttu framlagi 42,8 mkr með fyrirvara um afgreiðslu fjárlaga 2021.

### Framlög sveitarfélaga

- Framlög aðildarsveitarfélaga FV eru hér áætluð í samræmi við samþykkt tillögu til 65. Fjórðungsþings um árstíllag fyrir árið 2021, alls 42,8 mkr og hækkar lítillega frá árinu 2020 vegna breytinga á lífeyrisskuldbindingu, en annars eru framlög óbreytt þriðja árið í röð. Framlagið skiptist á rekstrardeildir;
- Atvinnu og nýsköpunarmál; 6,5 mkr, hér er um að ræða mótframlag á móti samningi við Byggðastofnun um atvinnu og byggðapróun.
- Byggðapróun; 4 mkr. hér er framlag til reksturs Umhverfissvottunar sveitarfélaga Earth Check, 4 mkr
- Markaðsskrifstofa. 6,8 mkr, hér er um að ræða mótframlag á móti framlögum Ferðamálastofu vegna markaðsmála ferðaþjónustunnar á Vestfjörðum.
- Menningarmál. 9,9 mkr, hér er um að ræða framlag til starfsemi á sviði menningarmála, sú starfsemi er skilgreind sem áhersluverkefni í samningi um Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024.
- Rekstur skrifstofu. 18,1 mkr, hér er um að ræða 10,2 mkr til reksturs skrifstofu FV og er óbreytt og 7,9 mkr vegna lífeyrisskuldbindingar FV við LSR þar sem gert er ráð fyrir 200 þkr hækkun.

Aðrar tekjur. Aðrar tekjur 10 mkr eru framlög vegna verkefnatengdra verkefna í samstarfi við Vestfjarðastofu.

Ónotaðir styrkir. Ónotaðir styrkir sem færost frá árinu 2020 nema 16,2 mkr og skiptast á Almenningsamgöngur 5 mkr, Atvinnu og nýsköpun, 3,6 mkr, menningarmál 1,5 mkr og sóknaráætlun 6,1 mkr.

Ónotaðir styrkir til næsta árs. Reiknað er með að allt verkefnafjármagn sem hafði safnast upp fram til ársins 2019 verði gert upp á árinu 2021 og því flytjist ekkert verkefnafjármagn til ársins 2022.

### Rekstargjöld

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

Rekstargjöld eru alls áætluð um 275,9 mkr og lækka um tæpar 55 mkr, mestmegnis vegna lægri útgreiðslu verkefnafjármagns.

Laun og launatengd gjöld. alls áætlun 7,9 mkr sem er áætlaðar greiðslur til LSR vegna lífeyrisskuldbindingar FV.

Framlag til Vestfjarðastofu. Alls áætlað 156,6 mkr og er ráðstafað samkvæmt rekstrarsamningi FV og Vestfjarðastofu skiptist á eftirfarandi deildir,

- Almenningsamgöngur, 500 þkr greiðsla vegna vinnu að almenningssamgöngum.
- Atvinnu og nýsköpunarmál, 52,8 mkr. 49,2 mkr til að vinna að verkefnum samkvæmt samningi FV við Byggðastofnun um atvinnu og byggðþróun og 3,6 mkr til verkefnavinnu vegna ónotaðra styrkja fyrri ára.
- Byggðaðróun. 19 mkr. 15 mkr vegna vinnu að C1 verkefnum og 4 mkr vegna umhverfissvottunar sveitarfélaga.
- Markaðsstofa, 23,2 mkr, til að vinna að verkefnum á sviði markaðsmála ferðaþjónustu.
- Menningarmál. 9,9 mkr til að vinna að menningarstarfi sem áhersluverkefni samkvæmt samningi um Sóknaráætlun Vestfjarðar 2020-2024.
- Sóknaráætlun 10 mkr. Framlag til reksturs Sóknaráætlunar Vestfjarða.
- Rekstur skrifstofu FV. 41,2 mkr. Til reksturs skrifstofu FV, framkvæmdastjórn, stjórn FV, nefndir FV, sérfræðivinna, húsnæði og tæki.

Áhersluverkefni. 30,4 mkr. Áhersluverkefni sem Vestfjarðastofa vinnur að samkvæmt ákvörðun samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vestfjarða og staðfest voru af stjórn FV.

Greiddir styrkir. 59 mkr. 57,5 mkr úthlutun Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2021, sett með fyrirvara um afgreiðslu fjárlaga 2021 og 1,5 mkr vegna styrkja fyrri ára í menningarmálum.

Aðkeyptir verktakar. 1 mkr, áætlað fjármagn vegna framlag til samninga um almenningssamgöngur.

Aðkeypt sérfræðiþjónusta. 9,6 mkr. 3,5 mkr til kaupa á sérfræðivinnu við útfærslu almenningssamgangna á Vestfjörðum. 6,1 mkr til kaupa á sérfræðivinnu vegna verkefna á sviði háskólastarfsemi og verkefna á sviði nýsköpunar og samfélagsmiðstöðva.

Annar skrifstofukostnaður. 1,7 mkr. greiddir styrkir utan sóknaráætlunar.

Önnur gjöld. 10,2 mkr, Önnur gjöld 10 mkr, eru útgjöld vegna verkefnatengdra verkefna í samstarfi við Vestfjarðastofu, 0,2 mkr er ófyrirséð útgjöld.

# 65. FJÓRDUNGSPING VESTFIRDINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

Sundurliðanir					
		Áætlun 2021	Áætlun 2020	2019	
<b>Almenningssamgöngur</b>					1
Styrkur vegna almenningsamgangna				50.801.020	
Styrkur vegna þróunar almenningsamgangna					
Aðrar tekjur					
Ónotaðir styrkir f.f.ári	1.	5.026.226	14.400.000	9.373.774	
Ónotaðir styrkir fluttir til næsta árs	2.	0	(5.026.226)	(14.400.000)	
		5.026.226	9.373.774	45.774.794	
	Teigur samtals				
L sun og launatengd gjöld					
Sérleyfisásktur aðkeyptur		1.000.000	2.000.000	21.315.940	
Samningsgreiðsla v. alm. samgangna SSV		0	0	13.652.700	
Vesturbyggð v. þróunar almenningsamgangna		0	0	9.500.000	
Vestfjarðastofa		500.000	573.774	1.250.000	
Aðkeypt sérfræðivinna		3.526.226	6.800.000	0	
Amar skrifstofukostnaður		0	0	56.154	
	Gjöld samtals	5.026.226	9.373.774	45.774.794	
	Rekstrarskiðurstaða	0	0	0	
					Eldri skýring
Tillaga að verkþáttum 2020					
Mótframlag til verkefna með stuðningi A10 verkefnis Byggðáætlunar				3.400.000	Styrkir fyrra árs
Rekstarfyrirkomulag almenningsamgangna, greining og tillögugerð				3.400.000	v. Uppsöfnuð framlög 2015 og 2016 sem nemur j.ákv. Rekstram.
Samþætting sérleyfa Vegagerðar og sveitarfélaga á norðanverðum og sunnanverðum Vestfjörðum					v. Uppsöfnuð framlög 2015 og 2016 sem nemur j.ákv. Rekstram.
Framlag til áksturs í Súðavík				2.000.000	Uppsöfnuð vegna Súðavíkarskattur
Sérfræðivinna Vestfjarðastofu				573.774	Uppsöfnuð framlög 2018
Uppsöfnuð framlög 2019			5.026.226	5.026.226	Uppsöfnuð framlög 2019
Flutt til næsta árs			5.026.226	14.400.000	
<p>Greinargerð: Tillaga um ráðstöfun styrkja frá fyrra ári kemur hér með breyttum áherslum frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.</p> <p>"Mótframlag til verkefna með stuðningi A10 verkefnis Byggðáætlunar"</p> <p>Vestfjarðastofa fékk samþykkt fjögur verkefni af fimm, á grundvelli umsókna í verkefni Byggðáætlunar A10, "Almenningssamgöngur um allt land". Í umsóknum var skilyrði um 20% mótframlag og nemur það allst 3,4 mkr fyrir þessi fjögur verkefni.</p> <p>"Rekstarfyrirkomulag almenningsamgangna greining og tillögugerð"</p> <p>Hafnað var umsókn Vestfjarðastofu í A10 sjóðinn er varðaði rekstarfyrirkomulag almenningsamgangna á Vestfjörðum. Lagt er til að verkefnið verði framkvæmt en þá kostað að öllu leyti að hálfu FV. Niðurstaða verkefnisins er mikilvæg fyrir framtíðarfyrirkomulag málaflokksins, þ.e. hvort og þá á hvaða formi sveitarfélög á Vestfjörðum komi að framkvæmd. Tillaga 2.648 þkr.</p> <p>"Samþætting sérleyfa..." Vegagerðin tilbúin til samstarfs við sveitarfélögin á norðanverðum og sunnanverðum Vestfjörðum varðand tímabundið framsal sérleyfa. Verkefnið lýtur að samþættingu sérleyfa við almenningsamgöngur sveitarfélaganna og getur unnist samhliða verkefni er varðar rekstrarúttekt.</p> <p>"Framlag til áksturs í Súðavík". Fjármagn um 1 mkr sem fylgdi sérleyfi (Súðavík-Ísafjörður) sem FV hafði fram til ársins 2020 frá Vegagerðinni, nægði engan veginn til að halda uppi þjónustu og því var akstri hætt 2017. Súðavíkurreppur er aðili í verkefni með Ísafjarðarbæ og Bolungarvíkurkaupstað um almenningsamgöngur og lagt er til að framlag ársins 2017 og 2018 verði veitt til þess verkefnis, alls 2 mkr.</p> <p>"Sérfræðivinna Vestfjarðastofu". Greitt verði fyrir vinnu verkefnastjóra Vestfjarðastofu vegna umsóknargerðar til A10 sjóð og að fylgja verkefnum.</p>					

# 65. FJÓRDUNGSPING VESTFIRDINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

Sundurliðanir			
	2021	Áætlun 2020	2019
<b>Atvinnu og nýsköpunarmál</b>			
Framlag sveitarfélaga	6.500.000	6.500.000	6.499.992
Framlag Bygghastofnunar	42.750.000	42.693.000	42.693.000
Framlag Jöfnunarsjóðar			
Milliðfært á milli deilda			
Endurgreiðsla útlagaður kostnaður			
Ónotaðir styrkir f.f.ári	3.550.000	7.010.503	7.010.503
Ónotaðir styrkir fluttir til næsta árs			(3.460.503)
Ónotað framlag Bygghastofnunar 2018 flutt til næsta árs		(3.550.000)	(3.550.000)
Ónotaðir styrkir til endurgreiðslu Bygghastofnunar			0
<b>Tekjur samtals</b>	<b>52.800.000</b>	<b>52.653.503</b>	<b>49.192.992</b>
Laun og launatengd gjöld			
Framlag til Vestfjarðastofu	52.800.000	52.653.503	49.193.000
Framlag til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða			
Aðkeyptir verkatakar			25.000
Ammar skrifstofukostnaður			
<b>Gjöld samtals</b>	<b>52.800.000</b>	<b>52.653.503</b>	<b>49.218.000</b>
Rekstrarmisurstaða	0	0	(25.000)
Tillaga um ráðstöfun 2020			
Covid 19. Nýsköpun í starfandi fyrirtækjum			2.460.503
Covid 19. Nýsköpun í starfandi fyrirtækjum			1.000.000
Haldó eftir vegna framlags Bygghastofnunar atvinnuþróunar. Þróunarsetur.			3.550.000
			3.550.000
Flutt til næsta árs	0	3.550.000	7.010.503
<p>Tillaga um ráðstöfun 2020.</p> <p>"Covid 19. Nýsköpun í starfandi fyrirtækjum" Hér er hluti af verkefnafjármagni sem lagt er á mót framlagi af fjárukalögum 2020 25,2 mkr sem veitt var til fjórðungssambandsins vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Stjórn FV samþykkti á fundi 21. apríl að veita fjármagn allt að 20,6 mkr af verkefnafjármagni sem ekki hafði verið nýtt á síðustu árum. Auglýst var eftir hugmyndum að átaks verkefnum og endanleg afgreiðsla var þann 7. maí og var alls ráðstafað 19,8 mkr. Innan atvinnu og nýsköpunardeildar var ráðstafað fjármagn haldið var af verkefnafjármagni Atvest frá 2018 og eftirstöðvum verkefnafjármagns 2019, alls 3.460.503,-.</p>			

Sundurliðanir			
	Áætlun 2021	Áætlun 2020	2019
<b>Bygghæðun</b>			
Verkefnaframlög ráðneyta	15.000.000	15.000.000	16.300.000
Umhverfsvottun sveitarfélaga	4.000.000	4.000.000	3.999.996
Framlag frá sóknaráætlun			
Framlög Jöfnunarsjóðs			
Milliðfært á milli deilda			
Endurgreiðsla útlagaður kostnaður			
Tvífærðar tekjur 2018			(850.000)
Framlag Bygghastofnunar v Brothættir a byggða			
Ónotaðir styrkir fluttir f.f.ári v. Evrópuverkefnis		2.155.000	2.155.000
Ónotaðir styrkir fluttir f.f.ári v.			(2.155.000)
Ónotaðir styrkir fluttir til næsta árs			
<b>Tekjur samtals</b>	<b>19.000.000</b>	<b>21.155.000</b>	<b>19.449.996</b>
Laun og launatengd gjöld			
Framlag til Vestfjarðastofu	19.000.000	19.000.000	20.300.000
Greiðdir styrkir			1.650.000
Ammar skrifstofukostnaður			0
<b>Gjöld samtals</b>	<b>19.000.000</b>	<b>21.155.000</b>	<b>21.950.000</b>
Rekstrarmisurstaða	0	0	(2.500.004)
Tillaga um ráðstöfun 2020			
Covid 19. Samstarfsverkefni í orkumálum			1.500.000
Fjármögnun vefsjár eða ráðgjafavinnu við svæðisskipulag			655.000
Ónotaðir styrkir fluttir til næsta árs	0	0	2.155.000
			2.155.000
<p>"Covid 19. Samstarfsverkefni í orkumálum" Hér er hluti af verkefnafjármagni sem lagt er á mót framlagi af fjárukalögum 2020 25,2 mkr sem veitt var til fjórðungssambandsins vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Stjórn FV samþykkti á fundi 21. apríl að veita fjármagn allt að 20,6 mkr af verkefnafjármagni sem ekki hafði verið nýtt á síðustu árum. Auglýst var eftir hugmyndum að átaks verkefnum og endanleg afgreiðsla var þann 7. maí og var alls ráðstafað 19,8 mkr. Innan Bygghæðunardeildar var ráðstafað fjármagn haldið var af verkefnafjármagni ársins 2018 alls kr 1.500.000,-, til átaksverkefnis á sviði orkumála sem hafin er vinna að í samstarfi við Orkubú Vestfjarða og Landsvirkjun.</p> <p>"Fjármögnun vefsjár eða ráðgjafavinnu við svæðisskipulag". Um er að ræða eftirstöðvar fjármagns sem nýtt var til undirbúning tillögu að svæðisskipulagi fyrir Vestfirði, 2017 og 2018. Lokið var við greinargerð en verkefnið náði ekki fram að ganga. Stjórn FV gerir að tillögu að taka verkefnið upp að nýju á árinu 2020 og nýta fjármagn kr 655.000,- fyrir aðkeypta sérfræðivinnu og gerð vefsjár og lagt á mót áhersluverkefni sem Sóknaráætlun Vestfjarða samþykkti á árinu 2020.</p>			



# 65. FJÓRDUNGSPING VESTFIRDINGA – HAUST

Haldið í fjárfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

Sundurliðanir				Áætlun 2021	Áætlun 2020	2019	
<b>Markaðsstofa</b>							4
Framl. sveitarfél. til Markaðsstofu			6.800.000	6.800.000	6.799.980		
Framl. ríkisins til Markaðsstofu							
Verkefnaframlög ráðnevta			16.400.000	16.400.000	16.400.000		
Verkefnastykir							
Framlag frá Sóknaráætlunum							
Framlag Sóknaráætlunar vegna markaðsstofu							
Árgjald Markaðsstofu							
Aðrar tekjur							
Tekjur v. áhersluverkefna							
Ónótaðir styrkir fluttir f.f.ári	7.			4.495.336	4.495.336		
Fyrirfram innheimtar tekjur							
Ónótaðir styrkir fluttir til næsta árs	8.				(4.495.336)		
Tekjur samtals			23.200.000	27.695.336	23.199.980		
Laun og launatengd gjöld							
Aðkeypir verktakar							
Framlag til Vestfjarðastofu			23.200.000	27.695.336	23.200.000		
Annar skrifstofukostnaður					7.324		
Gjöld samtals			23.200.000	27.695.336	23.207.324		
Rekstrarmiðurstæða			0	0	(7.344)		
Tillaga um ráðstöfun 2020							
Covid 19. Verkefni til að efla ferðajónustuna. Markaðsátak fyrir ferðajónustuna					1.650.000	DMP álag	
Covid 19. Verkefni til að efla ferðajónustuna. Markaðsátak fyrir ferðajónustuna					1.345.336	v. Viðbót markaðsátak	
Covid 19. Verkefni til að efla ferðajónustuna. Markaðsátak fyrir ferðajónustuna					1.500.000	Verkefnastykir	
			0	0	4.495.336		
<p>"Covid 19. Verkefni til að efla ferðajónustuna. Markaðsátak fyrir ferðajónustuna." Hér er hluti af verkefnafjármagni sem lagt er á móti framlagi af fjárukalögum 2020 25,2 mkr sem veitt var til fjórðungssambandsins vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Stjórn FV samþykkti á fundi 21. apríl að veita fjármagni allt að 20,6 mkr af verkefnafjármagni sem ekki hafði verið nýtt á síðustu árum. Auglýst var eftir hugmyndum að átaks verkefnum og endanleg afgreiðsla var þann 7. maí og var alls ráðstafað 19,8 mkr. Innan Markaðstofudeildar var ráðstafað fjármagni var óráðstafað var af verkefnafjármagni sem Ferðamálastofa veitti til DMP verkefnis 2018, óráðstafað verkefnafjármagn vegna markaðsátaks 2018 og</p>							

Sundurliðanir				Áætlun 2021	Áætlun 2020	2019	
<b>Menningarmál</b>							5
Framlag ríkisj. til menningarráðs				3.000.000			
Framlag sveitarfélaga v/Menningar samnings						0	
Framlag sveitarfélaga til Sóknaráætlunar v. menningarmála			9.900.000	9.900.000	9.899.988		
Aðrar tekjur/ endurg. kostnaður							
Millifært milli deilda							
Fyrirfram innheimtar tekjur fyrir ára	9.			1.989.997	1.989.997		
Fyrirfram innheimtar tekjur	10.				(1.989.997)		
Ónótaðir styrkir fluttir f.f.ári	11.		1.500.000	1.500.000	7.325.000		
Ónótaðir styrkir fluttir til næsta árs	12.			(1.500.000)	(1.500.000)		
Endurúthlutun styrkja Menningarráðs Vestfjarða				3.200.000			
Tekjur samtals			11.400.000	18.089.997	15.724.988		
Laun og launatengd gjöld							
Framlag til Vestfjarðastofu			9.900.000	14.889.997	13.224.988		
Greiddir styrkir			1.500.000	3.200.000	2.500.000		
Niðurfelldir styrkir							
Annar skrifstofukostnaður							
Gjöld samtals			11.400.000	18.089.997	15.724.988		
Rekstrarmiðurstæða			0	0	0		
Tillaga um ráðstöfun 2020							
Covid 19. Verkefni til að efla ferðajónustu. Kvikmyndaverkefni					1.989.997	Framlag til Menningarráðs Vestfjarða	
					1.500.000	V/Menningar sbr ákv. Stj. fundar 7/5 2019	
Flutt til næsta árs				1.500.000	3.489.997		
Ráðstöfun 2020							
<p>"Covid 19. Verkefni til að efla ferðajónustuna. Kvikmyndaverkefni". Hér er hluti af verkefnafjármagni sem lagt er á móti framlagi af fjárukalögum 2020 25,2 mkr sem veitt var til fjórðungssambandsins vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Stjórn FV samþykkti á fundi 21. apríl að veita fjármagni allt að 20,6 mkr af verkefnafjármagni sem ekki hafði verið nýtt á síðustu árum. Auglýst var eftir hugmyndum að átaks verkefnum og endanleg afgreiðsla var þann 7. maí og var alls ráðstafað 19,8 mkr. Innan menningardeildar var ráðstafað fjármagni haldið var eftir af starfsemi Menningarráðs Vestfjarða 2014, tillagan var því verði veitt til að styðja við kvikmyndagerð á Vestfjörðum með skilyrði um þjónustukaup innan Vestfjarða, alls kr 1.989.997,-.</p>							

# 65. FJÓRDUNGSPING VESTFIRDINGA – HAUST

Haldið í fjárfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

Sundurliðanir			
	Áætlun 2021	Áætlun 2020	2019
<b>Sóknarætlun</b>			6
Framlag Jöfn sjóðs v/Sóknarætlun			5.613.642
Framlag til Sóknarætlunar	97.800.000	123.000.000	107.666.571
Framlag til annarra verkefna FV			
Framlag v/áhersluverkefna í menningarmálum frá sveitarf.	9.900.000	9.900.000	9.899.988
Framlag v/áhersluverkefna í menningarmálum	(9.900.000)	(9.900.000)	(9.899.988)
Onotaðir styrkir fluttir f.f.ári	6.122.332	21.507.383	39.276.496
Endurúthlutan niðurfelldra styrkja Uppbyggingarsjóðs		1.800.000	0
Onotaðir styrkir fluttir til næsta árs.		(6.122.332)	(21.507.383)
<b>Tekjur samtals</b>	<b>103.922.332</b>	<b>140.185.051</b>	<b>131.049.326</b>
Láun og launatengd gjöld			0
Framlag til Vestfjarðastofu	10.000.000	9.400.000	13.300.000
Áhersluverkefni	30.300.000	56.354.164	25.975.000
Leiðr. Fyrir árs framlög			(1.600.000)
Greiddir styrkir	57.500.000	69.600.000	93.550.000
Sérfræðikostnaður	6.122.332	5.000.000	
Niðurfelldir styrkir			(250.000)
Annar skrifstofukostnaður			405.213
<b>Gjöld samtals</b>	<b>103.922.332</b>	<b>140.354.164</b>	<b>131.380.213</b>
Vaxtatekjur/gjöld	(350.000)	(350.000)	(1.230.887)
	(350.000)	(350.000)	(1.230.887)
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>350.000</b>	<b>180.887</b>	<b>900.000</b>
Covid 19. Verkefni til að efla ferðþjónustu			507.564
Covid 19. Nýsköpun í starfandi fyrirtækjum			818.952
Covid 19. Samstarfsverkefni í orkumálum			1.600.000
Covid 19. Nýsköpun í starfandi fyrirtækjum			2.500.000
Vextir 2019, settir í úthlutun Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2020			1.230.887
Viðaukasamningur Sóknarætlunar 2017, Reykhólahreppur, Flateyjarhöfn			7.000.000
Viðaukasamningur Sóknarætlunar 2017, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, fjarheilbrigðismál			2.000.000
		272.332	
		2.500.000	2.500.000
		3.350.000	3.350.000
Flutt til næsta árs		6.122.332	21.507.383

v. Vaxta sóknarætlunar B  
v. Vaxta sóknarætlunar A  
Framlag til Atvest vegna jarðvarmald. Tillaga til varúðar  
V/Sóknarætlunar sbr ákv. Stj. fundar 7/5 2019  
Vextir 2019  
Viðaukasamningur Sóknarætlunar 2017, Reykhólahreppur, Flateyjarhöfn alls 35 mkr  
Viðaukasamningur Sóknarætlunar 2017, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, fjarheilbrigðismál alls 8 mkr  
v. Vaxta sóknarætlunar B  
e-v. efling Háskólastarfs  
vegna óframkv. Verkefna áhersluv. Atvest

"Covid 19." Hér er hluti af verkefnafjármagni sem lagt er á móti framlagi af fjárukaálagnum 2020  
25,2 mkr sem veitt var til fjórðungssambandsins vegna heilbrigðisráðgjafar. Stjórn FV samþykkti á fundi 21. apríl að veita fjármagni allt að 20,6 mkr af verkefnafjármagni sem ekki hafði verið nýtt á síðustu árum. Auglýst var eftir hugmyndum að átaks verkefnum og endanleg afgreiðsla var þann 7. maí og var alls ráðstafað 19,8 mkr. Innan sóknarætlunardeildar var ráðstafað fjármagni að grunni vextir af innborguðum framlögum 2017 (hluti kr 235.232) og 2018, verkefnafjármagni Atvest frá 2018, rekstrarniðurstöðu ársins 2018, alls 5.154.164,-. Vöxtum af innborguðum framlögum 2019, kr 1.230.887 var sett í úthlutun Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2020  
Loks voru greiddar út eftirstöðvar til verkefna innan viðaukasamnings Sóknarætlunar Vestfjarða sem gerður var árið 2017.

Sundurliðanir			
	Áætlun 2021	Áætlun 2020	2019
<b>Rekstur skrifstofu</b>			
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	33.000.000	29.000.000	33.345.062
Framlag til reksturs FV	10.200.000	10.200.000	10.200.000
Framlag FV frá sóknarætlun			
Framlag v/Sóknarætlunar	0	5.500.000	5.298.669
Framlag sveitarfélags v. LSR	7.900.000	7.700.000	7.494.768
Niðurfelldir styrkir			
Aðrar tekjur	10.000.000	10.000.000	2.240.255
<b>Tekjur samtals</b>	<b>61.100.000</b>	<b>62.400.000</b>	<b>58.578.754</b>
Lífeyriskuldb/Láun og launatengd gjöld	7.900.000	7.700.000	7.690.303
Framlag til Vestfjarðastofu	41.200.000	42.500.000	48.500.000
Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna			900.000
Niðurfærsla viðskiptakrafna (Markaðsstofa, árgjöld, sýningabáttaka)	200.000	700.000	
Önnur verkefni	10.000.000	10.000.000	2.324.860
Annar skrifstofukostnaður	1.700.000	1.700.000	999.086
	61.000.000	62.600.000	60.414.249
Afskriftir	9.000	9.000	9.495
Vaxtatekjur/gjöld	(100.000)	(300.000)	(1.383.618)
	(91.000)	(291.000)	(1.374.123)
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>191.000</b>	<b>91.000</b>	<b>(461.372)</b>

# 65. FJÓRDUNGSPING VESTFIRDINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

## Pingskjal 5c

### Fjárhagsáætlun VFS 2021

VFS Fjárhagsáætlun 2021									
	Rekstur skrifstofu	Sóknar- áætlun	Atvinnu- þróun	Byggða- þróun	Menningar- mál	Markaðs- stofa	Samtals áætlun 2021	Samtals áætlun 2020	Samtals rauntölur 2019
<b>Rekstrartekjur</b>									
Framlög vegna Sóknaráætlunar		14.000.000	12.000.000	3.000.000		11.500.000	40.500.000	35.700.000	33.975.000
Framlög Jöfnunarsjóðs	29.000.000						29.000.000	34.300.000	43.600.000
Framlög Byggðastofnunar		15.000.000	42.000.000	30.300.000			87.300.000	96.662.000	73.893.000
Framlög sveitarfélaga	8.200.000		6.500.000	4.000.000	9.900.000	6.800.000	35.400.000	35.400.000	37.400.000
Aðrar tekjur	9.000.000					3.000.000	12.000.000	67.000.000	46.528.069
Framlög Ferðamálastofu						26.400.000	26.400.000	26.775.000	26.775.000
Ónotaðir styrkir f.f. ári	0	2.885.000	25.000.000	10.000.000	1.500.000	5.000.000	44.385.000	68.491.279	25.572.534
Ónotaðir styrkir til næsta árs	0		-18.000.000		0		-18.000.000	-25.000.000	-68.491.279
Endurgreiddur útl. kostn			500.000				500.000	482.998	960.706
	46.200.000	31.885.000	68.000.000	47.300.000	11.400.000	52.700.000	256.985.000	339.811.277	220.213.030
Laun og launatengd gjöld	33.000.000	16.000.000	48.000.000	10.000.000	8.000.000	28.000.000	143.000.000	143.000.000	133.607.784
Skrifstofukostnaður	5.400.000	850.000	2.600.000	950.000	1.200.000	4.500.000	15.500.000	24.153.188	13.858.721
Kostnaður vegna verkefna	8.000.000		9.000.000	11.000.000	1.000.000	20.000.000	49.000.000	59.987.700	43.159.191
Niðurfelldir styrkir							0	0	
Aðkeyptir verktakar			8.000.000				8.000.000	21.000.000	6.184.291
Greiddir styrkir		15.000.000		25.000.000			40.000.000	81.800.000	21.000.000
Fyrningar							0	0	
Vaxtgatekjur/(vaxtagjöld)							0	0	-57.008
	46.400.000	31.850.000	67.600.000	46.950.000	10.200.000	52.500.000	255.500.000	329.940.888	217.809.987
Rekstrarniðurstaða	-200.000	35.000	400.000	350.000	1.200.000	200.000	1.485.000	9.870.389	2.403.043

# 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

## Pingskjal nr. 5d

### Tillaga um árstíllag sveitarfélaga á Vestfjörðum til FV og sameiginlegra stofnana atvinnu- og byggðáþróunar á árinu 2021, skipt niður eftir verkefnum

65. Fjórðungsping Vestfirðinga, 9. og 10. október 2020 Pingskjal. Nr. 5D

Tillaga um árstíllag sveitarfélaga á Vestfjörðum til FV og sameiginlegra stofnana atvinnu og byggðáþróunar á árinu 2021, skipt niður eftir verkefnum

Skipt samkvæmt íbúatala 1. janúar 2020 samkvæmt gögnum Hagstofu 20. mars 2020

	Íbúar 1. jan. 20	Árstíllag pr. íbúa	Heildarframlög sveitarfélaga	Framlag (* til reksturs FV	Framlag (** til markaðsmála ferðabíónustu	Framlag (***) menningarmála	Umhy.vottun (****)	Framlag (* til atvinnubrúnaar	Samtals framlag til reksturs FV og málaþlokka	Áætluð mánaðargj. (***** lífevrísk. FV
Reykholahreppur	262	6.310,61 kr.	1.653.380 kr.	375.001 kr.	250.401 kr.	364.554 kr.	147.294 kr.	239.353 kr.	1.377.203 kr.	290.907 kr.
Vesturbyggð	1.021	6.310,61 kr.	6.443.134 kr.	1.463.696 kr.	975.798 kr.	1.420.647 kr.	573.999 kr.	932.748 kr.	5.366.887 kr.	1.133.647 kr.
Tálknafjarðarhreppur	251	6.310,61 kr.	1.583.963 kr.	359.831 kr.	239.888 kr.	349.248 kr.	141.110 kr.	229.304 kr.	1.319.382 kr.	278.693 kr.
Bolungarvík	955	6.310,61 kr.	6.026.634 kr.	1.369.079 kr.	912.720 kr.	1.328.812 kr.	536.894 kr.	872.453 kr.	5.019.958 kr.	1.060.365 kr.
Ísafjarðarbær	3.809	6.310,61 kr.	24.037.119 kr.	5.460.548 kr.	3.640.365 kr.	5.299.944 kr.	2.141.391 kr.	3.479.761 kr.	20.022.010 kr.	4.229.248 kr.
Súðavíkureppur	208	6.310,61 kr.	1.312.607 kr.	298.187 kr.	198.791 kr.	289.417 kr.	116.936 kr.	190.021 kr.	1.093.352 kr.	230.949 kr.
Árneshreppur	43	6.310,61 kr.	271.356 kr.	61.644 kr.	41.096 kr.	59.831 kr.	24.174 kr.	39.283 kr.	226.030 kr.	47.744 kr.
Kaldraneshreppur	109	6.310,61 kr.	687.887 kr.	156.261 kr.	104.174 kr.	151.665 kr.	61.279 kr.	99.578 kr.	572.959 kr.	121.026 kr.
Strandabyggð	457	6.310,61 kr.	2.883.949 kr.	655.151 kr.	436.767 kr.	635.882 kr.	256.922 kr.	417.498 kr.	2.402.221 kr.	507.421 kr.
	7.115		44.900.000	10.200.000	6.800.000	9.900.000	4.000.000	6.500.000	37.400.000	7.900.000

(\* Tillaga um óbreytt framlag frá samþykkt 4. haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga  
(\*\* Tillaga um sama framlag og samþykkt var á 4. haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga og rennur til reksturs og markaðssetningar samkvæmt samningi við Vestfirðisstofu  
(\*\*\*) Samningubundið framlag á samþykkt 4. haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga við samþögu og sveitarstjórnarráðuneyti og mennta og menningarmálaráðuneyti um  
Sóknaráætlun Vestfirða 2020-2024 um að eitt af áhersluverkefnum tímabilins verði í menningarmálum samkvæmt samningi við Vestfirðisstofu  
(\*\*\*\*) Tillaga um sama framlag og samþykkt var á 4. haustþingi FV, 2019, framlag fer til vinnu að umhverfisvottun sveitarfélaga, unnið á vegum NAVÉ fyrir sveitarfélögin. Á  
Árgjald sem nemur um 400 kr. á ári eða AUD 3.770 er innheimt sérstaklega í október  
\*\*\*\*\* Sveitarfélögin greiði sérstakt tímabundið framlag vegna innheimtar lífeyrisgjaldþingis LSR. Framlagið er innheimt á fjögurra mánaða fresti á grundvelli greiðslna FV til LSR

## 65. Fjórðungspings Vestfirðinga, haust, haldið 10. Október 2020

Tillaga um laun og þóknun stjórnar og nefnda Fjórðungssambands Vestfirðinga

Stjórnarformaður: 9% af gildandi þingfararkaupi í mánaðarlaun (105.315) og 2% (23.403) af þingfararkaup fyrir aðra fundi en stjórnarfundi.

Aðrir stjórnarmenn: 4,5% (52.658) fyrir stjórnarfundi

Formenn nefnda/ráða: 4,5% (52.658) fyrir fund

Fulltrúar nefnda/ráða: 3% (35.105) fyrir fund

Þingfararkaup er frá 1. janúar 2020, kr. 1.170.169

Greinargerð:

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

Tillagan byggir á tillögu starfsháttanefndar Vestfjarðastofu um þóknun stjórnar Vestfjarðastofu á ársfundi þann 27. Maí 2020. Tillagan felur í sér óbreytt hlutfall af þingfarakaupi líkt og á síðasta ári.

Laun stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga greiðast sem hluti af stjórnarsetu í Vestfjarðastofu, Í starfsáætlun er gert ráð fyrir tveim stjórnarfundum á ári á vegum stjórnar Fjórðungssambands, laun fyrir þessa fundi greiðast af Vestfjarðastofu.

Laun nefnda eru greidd af Vestfjarðastofu

### Pingskjal nr. 6

#### Tillaga að breytingu á samþykktum og þingsköpum Fjórðungssambands Vestfirðinga.

65. Fjórðungsping Vestfirðinga, haustping, haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020 gerir tillögu að breytingu á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga sem hér segir (breytingar **feitletraðar**)

10. gr. Fastanefndir

Á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga starfa **þrjár** fastanefndir, Fastanefnd um samgöngumál og fjarskipti, Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða og **Fjárhagsnefnd**.

Á Fjórðungspingi skulu kosnir fulltrúar í þessar nefndir;

- í samgöngu- og fjarskiptanefnd skulu kjörnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Formann nefndar um samgöngumál og fjarskipti skal kjósa sérstaklega úr hópi stjórnar sambandsins.
- í Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs skulu kjörnir fimm fulltrúar. Þrjú fulltrúar úr hópi aðalfulltrúa eða varafultrúa sveitarstjórna á Vestfjörðum, þar af einn fulltrúi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum og einn fulltrúi af Ströndum/Reykhólum. Tveir fulltrúar skulu koma utan Vestfjarða og verði valdir úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum

Kjörið skal í tvö fagráð sem fjalli um umsóknir áður en úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs fær umsóknir til afgreiðslu. Í fagráð menningar skulu kjörnir fjórir fulltrúar og í fagráð atvinnuþróunar, nýsköpunar og umhverfismála skulu kjörnir fjórir fulltrúar. Þrjú fulltrúar hvors fagráðs skulu kjörnir með tilliti til þess að einn fulltrúi komi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af Ströndum/Reykhólum og einn utan Vestfjarða. Fulltrúar skulu koma úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum.

- í Fjárhagsnefnd skulu kjörnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Úr hópi kjörinna aðalmanna skal kjósa formann Fjárhagsnefndar með sérstakri kosningu. Fjárhagsnefnd skal vinna með stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu og sviðstjóra byggðarmála hjá Vestfjarðastofu, að framlagningu fjárhagsáætlunar og endurskoðaðar fjárhagsáætlunar ár hvert.

### Greinargerð

Ályktun sem samþykkt var á 65. Fjórðungspingi, vorþing.

#### Ályktun um fastanefnd

65. Fjórðungsping Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið í fjarfundi ákveði að skipuð verði fjárhagsnefnd sem eina af fastanefndum sambandsins.

Samhliða verði fjárhagsáætlun og greining fjárhagslegra upplýsinga færð til samræmis við sveitarfélög þar sem fjárhagsáætlun er deildarskipt og frávik frá fjárhagsáætlun eru skilgreind með viðaukum við fjárhagsáætlun á sama hátt og sveitarfélög.

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

Greinargerð: Tilgangur fjárhagsnefndar milli þinga er að vinna með starfsfólki og stjórn Vestfjarðastofu að framlagningu fjárhagsáætlunar fyrir haustþing sambandsins.

### Núverandi grein er sem hér segir;

10. gr. Fastanefndir

Á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga starfa þrjár fastanefndir, Fastanefnd um samgöngumál og fjarskipti og Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða.

Á Fjórðungsþingi skulu kosnir fulltrúar í þessar nefndir;

- í samgöngu- og fjarskiptanefnd skulu kjörnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Formann nefndar um samgöngumál og fjarskipti skal kjósa sérstaklega úr hópi stjórnar sambandsins.

- í Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs skulu kjörnir fimm fulltrúar. Þrjár fulltrúar úr hópi aðalfulltrúa eða varafulltrúa sveitarstjórna á Vestfjörðum, þar af einn fulltrúi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum og einn fulltrúi af Ströndum/Reykhólum. Tveir fulltrúar skulu koma utan Vestfjarða og verði valdir úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum

- Kjörrið skal í tvö fagráð sem fjalli um umsóknir áður en úthlutunarnefnd

Uppbyggingarsjóðs fær umsóknir til afgreiðslu. Í fagráð menningar skulu kjörnir fjórir fulltrúar og í fagráð atvinnuþróunar, nýsköpunar og umhverfismála skulu kjörnir fjórir fulltrúar. Þrjár fulltrúar hvors fagráðs skulu kjörnir með tilliti til þess að einn fulltrúi komi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af Ströndum/Reykhólum og einn utan Vestfjarða. Fulltrúar skulu koma úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum.

### Tillaga að breytingu á þingsköpum Fjórðungssambands Vestfirðinga.

65. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haustþing, haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020 gerir tillögu að breytingu á þingsköpum Fjórðungssambands Vestfirðinga sem hér segir

6. gr.

Í upphafi haustþings skal kjósa eftirtaldar fastar nefndir: Fjórðungsmálanefnd og allsherjarnefnd. Málum skal, eftir eðli þeirra, vísað til þeirra nefnda en kjósa má fleiri nefndir ef þurfa þykir eða starfa í einni málstofu. Rísi ágreiningur um til hvernar nefndar skuli vísað sker þingfundur úr. Á þingum, þegar kosningar fara fram, skal þingið kjósa fimm manna kjörnefnd sem gera skal tillögur að skipan stjórnar, varastjórnar, aðal- og varaendurskoðenda. Á dagskrá má taka mál, sem síðar koma, ef þingfundur leyfir.

Núverandi grein, breyting yfirstrikuð

6. gr.

Í upphafi haustþings skal kjósa eftirtaldar fastar nefndir: Fjórðungsmálanefnd, ~~fjármálanefnd~~ og allsherjarnefnd. Málum skal, eftir eðli þeirra, vísað til þeirra nefnda en kjósa má fleiri nefndir ef þurfa þykir eða starfa í einni málstofu. Rísi ágreiningur um til hvernar nefndar skuli vísað sker þingfundur úr. Á þingum, þegar kosningar fara fram, skal þingið kjósa fimm manna kjörnefnd sem gera skal tillögur að skipan stjórnar, varastjórnar, aðal- og varaendurskoðenda. Á dagskrá má taka mál, sem síðar koma, ef þingfundur leyfir.

### Þingskjal nr. 7

#### Ályktun um orkumál á Vestfjörðum:

#### Orkumál atvinnulífs

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

65. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í fjarfundi dagana 9.-10. október 2020 vísar í umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga um Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 þar sem farið er ítarlega yfir annmarka og kosti Kerfisáætlunar fyrir Vestfirði.

Afhendingargeta raforku á Vestfjörðum ásamt annmörkum á afhendingaröryggi á svæðinu eru takmarkandi þáttur vaxtar atvinnulífs á svæðinu. Nefna má í þessu samhengi til dæmis stækkun seiðaðisstöðvar Háafells á Nauteyri, uppbyggingu kalkþörungaverksmiðju í Súðavík, því sem næst alla atvinnuuppbyggingu í Árneshreppi svo nokkur dæmi séu nefnd. Síðan er hafin þróun í orkuskiptum atvinnulífs og mun sú þróun að líkum verða hröð á komandi árum.

Í Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 er gerð greining á þróun launatekna almennings og hlutfallslegri afhendingargetu raforku á árabílinu 1992-2016 til þéttbýlisstaða á Íslandi. Niðurstöður greiningarinnar gefa skýrt til kynna að hin lága afhendingargeta raforku á Vestfjörðum hefur leitt til lægri launatekna á undanförunum áratugum og er því einn lykilþáttur fyrir neikvæðri þróun atvinnulífs og samfélaga. Ekki verður við það búið að þessi staða haldi áfram og verður að tryggja svæðinu sömu forsendur til vaxtar og annarra landshluta.

Þessu til viðbótar er eðlileg krafa að samfélög á Vestfjörðum geti keppt um orkufrek atvinnutækifæri við aðra landshluta ef það fellur að atvinnustefnu svæðisins. Fjórðungssamband Vestfirðinga og Vestfjarðastofa gera eindregna kröfu um þetta mál verði fjallað í Kerfisáætlun 2020-2029.

Miðað við tímasetningar verkefna á Vestfjörðum sem kynntar eru í framkvæmdaáætlun 2020-2024 og langtímaáætlun Kerfisáætlunar 2020-2029, þá er tæpt á að þær nái að fylgja þróun þeirrar sviðsmyndar sem Fjórðungssambandið og Vestfjarðastofa telja líklegasta til að lýsa framtíðarþróun í atvinnu- og mannlífi Vestfjarða, Vestfirðir í sókn.

Alþingi hefur með þingsályktunartillögu um flutningsmál raforku (26/148) sett Vestfirði í forgang. 65. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Bolungarvík dagana 9.-10. október 2020 hvetur til þess að Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 fjalli betur um hvernig forgangur í málum Vestfjarða kemur fram. Að óbreyttu yrði staða Vestfjarða áfram líkt og um áratuga skeið um að framþróun í afhendingaröryggi verður stigi á eftir öðrum landshlutum og eða framkvæmdir eru eftir á í tíma. Við það verður ekki unað.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga  
Vísast til Fjórðungsmálanefndar

### **Pingskjal nr. 8**

#### **Orkumál samfélaga**

65. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Bolungarvík, dagana 9. og 10. október 2020 vekur athygli á skýrslu samstarfshóps iðnaðarráðherra um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Skýrslan kom út í febrúar 2020 og er framhald af vinnu samstarfshópsins sem starfað hefur frá árinu 2011.

Samhljómur er í efni skýrslunnar við áform orkufyrirtækja og flutningsfyrirtækja raforku um bættu flutningsgetu og afhendingaröryggi raforkukerfisins á Vestfjörðum. Atvinnulíf á Vestfjörðum er hér leiðandi aðili í krafti eftirspurnar og gæðakrafna um afhendingu raforku og slík þróun kemur samfélögunum á Vestfjörðum samhliða til góða.

65. Fjórðungsping Vestfirðinga vill hinsvegar ítreka að meginhluti íbúðarhúsnæðis á Vestfjörðum er hitaður með raforku. Samkvæmt samantekt Byggðastofnunar er húshitunarkostnaður allt að 100% hærri í þéttbýli á Vestfjörðum í samanburði við þéttbýli sem hefur aðgengi að hitaveitu. Mismunur í hitun íbúðarhúsnæðis í dreifbýli er enn hærri eða hátt í 200%. Hækkun framlaga til niðurgreiðslu kostnaðar við húshitun ná því ekki náð að jafna samkeppnisstöðu samfélaga á Vestfjörðum við aðra landshluta.

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

Til framtíðar litið, mun kostnaður íbúa á Vestfjörðum líklega aukast verulega og þar með krafa um auknar niðurgreiðslur. En spár eru um hækkandi verð raforku og dreifingu hennar, sem og minna aðgengi að svonefndri „ótryggri orku“ til að kyndingar fjarvarmaveitna. Stjórnvöld verða að horfa til langtímalausna og bendir 65. Fjórðungsping Vestfirðinga á tillögur samstarfshóps iðnaðarráðherra í þessum efnun;

- Efnahagsleg og félagsleg greining á þýðingu jarðhita fyrir minni byggðarlög.
- Kanna þarf leiðir til þess að greiða niður eignastofn vegna dreifingar raforku í dreifbýli.
- Skoða betur möguleika á uppsetningu lághitavirkjana á svæðum sem eru með yfir 100°C hita.
- Frekari kortlagning á jarðhitakostum á Vestfjörðum.
- Samræma vegagerð og strenglagnir vegna raforkuflutnings og dreifingar.

65. Fjórðungsping Vestfirðinga gerir því kröfu á iðnaðarráðherra að leysa orkumál samfélaga á Vestfjörðum. Verði auknum fjárveitingum veitt til að hrinda tillögum samstarfshóp ráðherrans í framkvæmd m.a. með auknum framlögum til Orkusjóðs og Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

Vísast til Fjórðungsmálanefndar

### Þingskjal nr. 9

#### Ályktur – 65. Fjórðungspings byggðapróun og auðlindastýring

65. Fjórðungspings Vestfirðinga, haustping, haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020, hvetur sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra til að fresta framlagningu frumvarps, um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu o.fl). Einnig verði frestað framlagningu frumvarps um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).

Stofnað verði til starfshóps með aðkomu sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, veiðiréttarhafa og afurðavinnslna. Vinna starfshópsins verði móta stefnu um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna á grundvelli greiningar á áhrifum af hagkvæmri nýtingu svæðisbundinna nytjastofna á byggðarlög, lífríki og vistkerfi.

Ný frumvörp verði lögð fram sem samþætti markmið um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna og markmið um eflingu byggðarlaga sem tengd eru nýtingu þeirra.

*Greinargerð.*

Meginmarkmið laga um fiskveiðistjórnun og nýtingu nytjastofna er stuðla að sjálfbærri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna sem leiði til traustar atvinnu og byggðar í landinu. Framkvæmd laganna gagnvart helstu nytjastofnum verði sú að hagkvæm nýting nytjastofns leiði til öflugar byggðar um land allt án sértækrar staðsetningar.

Sérstaða við nýtingu sjávargróðurs og grásleppu umfram aðra nytjastofna sem falla undir lög um fiskveiðistjórnun, er hversu staðbundin nýtingin er og hversu afgerandi nýtingin er fyrir vöxt og viðgang einstakra byggðarlaga. Staða samfélaga á Vestfjörðum sem nýta þessar auðlindir er einnig viðkvæm með tilliti til íbúapróunar og efnahagslegrar stöðu. Þeim til stuðnings hafa stjórnvöld og Alþingi sett markmið m.a. í Bygðaaætlun um jákvæða byggðapróun um land allt. Fordast verður þá stöðu að breyting á lögum um fiskveiðistjórnun vinni gegn settum markmiðum í byggðamálum og auki óöryggi um framtíð samfélaganna. Þess í stað ætti að vinna að samþættingu markmiða laga um fiskveiðistjórnun og markmiða í byggðamálum.



Fjórðungsþing Vestfirðinga telur það því réttmæta kröfu, að sjónarmið er varða hagsmuni þessara samfélaga verði tekin til umfjöllunar við breytingu á lögum um fiskveiðistjórnun. Einnig telur Fjórðungsþing Vestfirðinga að málefnið skarist við skipulagsáætlanir sveitarfélaga og áætlanir stjórnvalda s.s. Landskipulagsstefnu og efla verði rannsóknir á lífríki, vistkerfum og tengsl samfélaga og auðlindanýtingar. Er það krafa Fjórðungsþings Vestfirðinga að stofnaður verði starfshópur með aðkomu sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, veiðiréttarhafa og afurðavinnslna. Hlutverk starfshópsins verði að greina áhrif nýtingar á efnahag, samfélög, lífríki og vistkerfi og setningu markmiða sem styðja við framþróun samfélaga og tryggi sjálfbærni nytjastofna.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

Vísast til Fjórðungsmálanefndar

### **Þingskjal nr. 10**

#### **Ályktun vegna jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**

65. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í fjarfundi 9.-10. október 2020 lýsir yfir þungum áhyggjum af áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (Covid-19) á rekstur sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Í greiningum Sambands íslenskra sveitarfélaga, Bygðastofnunar og starfshóps um fjármál sveitarfélaga koma glöggt fram áhrif á efnahagshruni og atvinnuleysi líkt og nú er að verða hefur alvarlega áhrif á tekjur sveitarfélaga. Útsvarstekjur lækka, ýmis þjónustugjöld dragast saman og framlög jöfnunarsjóðs skerðast vegna tekjulækkunar ríkissjóðs.

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga voru árið 2019 frá 18-44% af heildartekjum sveitarfélaga á Vestfjörðum. Mikilvægi þessara framlaga fyrir sveitarfélög sem þegar standa frammi fyrir erfiðleikum við að viðhalda lögbundinni þjónustu er óumdeilt. Upphaflegar áætlanir sveitarfélaganna á Vestfjörðum fyrir árið 2020 gerðu ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs næmu tæpum 2,3 milljörðum króna. Boðað hefur verið að þau framlög lækki um tæpar 500 milljónir. Áhrif á sveitarfélög eru mismunandi en skerðing nemur allt að 48% í Vesturbyggð, 46% í Árneshreppi og 30% í Strandabyggð. Augljóst er að erfitt er að bregðast við slíkri ófyrirsjáanlegri skerðingu.

Sveitarfélögin hafi undanfarin ár sýnt ráðdeild í rekstri, með aðhaldsaðgerðum og lækkað skuldir. En þessi rekstarhagræðing verður nú að engu og ljóst að sveitarfélögin þurfa stuðning til þess að komast í gegnum það tekjutap sem þau verða fyrir bæði vegna skerðinga Jöfnunarsjóðs og lækkunar annarra tekna auk þess sem fyrirsjáanleg eru aukin útgjöld m.a. í velferðþjónustu vegna viðbragða við Covid-19.

Fjórðungsþing Vestfirðinga telur því afar brýnt að gripið verði til aðgerða af hálfu ríkisins til að styðja við sveitarfélögin í landinu. Mikilvægast í því samhengi er að standa vörð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og tryggja að framlög hans til sveitarfélaganna skerðist ekki.

65. Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála að beita sér fyrir því að ríkisstjórnin grípi nú þegar til aðgerða til að styðja við sveitarfélögin í landinu. Standa þarf vörð um lögbundin verkefni sveitarfélaga þannig að þau geti þrátt fyrir mikið tekjutap sinnt sínum verkefnum. Samtímis þurfa sveitarfélögin að vera í stakk búinn að hefja kröfugt endurreisnarstarf þegar farsóttin Covid-19 hefur gengið yfir.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

Vísast til Allsherjarnefndar

### Pingskjal nr. 11

#### Ályktun um þjóðgarða á Vestfjörðum

65. Fjórðungspings Vestfirðinga, haustping haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020, beinir því til sveitarfélaga á Vestfjörðum að móta stefnu um uppbyggingu þjóðgarða á Vestfjörðum og samstarf á milli sveitarfélaga þar sem það á við.

#### Greinargerð

##### Þjóðgarðar á Vestfjörðum

Umræður um þjóðgarða á Vestfjörðum hafa oft komið upp og í seinni tíð hafa nokkrir staðir verið nefndir sem áhugaverðir kostir. Enginn þjóðgarður er á Vestfjörðum en skilgreind náttúruverndarsvæði og eða friðlönd á Vestfjörðum, samkvæmt Umhverfisstofnun eru Breiðafjörður, Dynjandi í Arnarfirði, Flatey á Breiðafirði, Hornstrandir, Hrísey í Reykhólahreppi, Surtarbrandsgil og Vatnsfjörður. Alls eru nú þegar um fjórðungur lands á Vestfjörðum friðlýst.

<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vestfirdir/>

Töluvert hefur verið unnið að friðlýsingu Látrabjargs og umræða hefur verið um þjóðgarð á því svæði en því máli vísaði Umhverfisstofnun til ráðherra árið 2019. Nánari upplýsingar um framvindu þess máls má vinna hér: <https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/latrabjarg/>

Breiðafjarðarnefnd hefur unnið að mótun tillagna um framtíð Breiðafjarðar og til skoðunar á þeim vettvangi er meðal annars að skrá verndarsvæði Breiðafjarðar á lista yfir Ramsarsvæði en Ramsarsamningur er alþjóðlegur samningur um verndun votlendis. Ísland hefur verið aðili að samningum frá 1978 og svæði eins og Mývatn/Laxá og Þjórsárver hafa verið skráð inn í samninginn. Nánari upplýsingar um vinnu Breiðafjarðarnefndar má finna hér: <http://www.breidafjordur.is/framtid-breidafjardar/>

Á árinu hefur komið upp umræða um þjóðgarð við Dynjanda og sveitarfélögum á svæðinu kynntar hugmyndir þar að lútandi. Haustið 2019 færði RARIK íslenska ríkinu jörðina Dynjanda við Arnarfjörð að gjöf. Við það tækifæri setti umhverfisráðherra fram hugmyndir um að tengja jörðina Dynjanda við Friðlandið í Vatnsfirði og „skapa þannig mikilvæg verðmæti fyrir sunnanverða Vestfirði“. Ráðherra sagði jafnframt að við það yrði „friðlýst svæði á sunnanverðum Vestfjörðum stærri og samfelldari en nú er, með tilheyrandi tækifærum fyrir þetta stórbrotna svæði – ekki síst þegar samgöngubótum þar verður lokið og hringtenging á Vestfjörðum komin á“.

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/09/16/Jordin-Dynjandi-gefin-islenskarikinu-i-tilefni-af-75-ara-afmaeli-lydveldisins/>

#### Náttúruvernd og efling byggða

Verkefni C-09 í Byggðaáætlun 2018-2024 sem ber yfirskriftina „Náttúruvernd og efling byggða“<sup>3</sup>. Tilgangur verkefnisins er að greina tækifæri og mögulegan ávinning í héraði af þjónustu sem byggist á nýtingu og umsjón friðlýstra svæða, svo sem í náttúrutengdri ferðaþjónustu. Verkefnið er fjármagnað úr Byggðaáætlunar og hefur framkvæmd þess verið falið landshlutasamtökum sveitarfélaga í

<sup>3</sup> C.9. Náttúruvernd og efling byggða. Verkefnismarkmið: Að náttúruvernd stuðli að eflingu byggða. Greind verði tækifæri og ávinningur í héraði af þjónustu sem byggist á nýtingu náttúruverndarsvæða, svo sem í náttúrutengdri ferðaþjónustu. Hugað verði að því að verulegur ávinningur getur falist í friðlýsingu svæða og rekstri þeirra, svo sem með stofnun þjóðgarða eða jarðvanga. Árangur af verkefninu verði mældur í fjölda fyrirtækja í náttúrutengdri ferðaþjónustu innan landshluta. Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Framkvæmdaraðili: Landshlutasamtök sveitarfélaga. Dæmi um samstarfsaðila: Markaðsstofur, háskólar, atvinnuráðgjöf landshluta, Umhverfisstofnun, Skógræktin og Landgræðslan. Tímabil: 2018–2022. Tillaga að fjármögnun: 57 millj. kr. úr byggðaáætlun.

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

samvinnu við sveitarfélög á þeirra starfssvæði. Þar sem verkefnafjármagni er dreift á áætlunartíma þá geta ekki öll landshlutasamtök í einu fengið fjármagn til framkvæmd verkefna.

Umhverfisráðuneytið stýrir verkefninu og auglýsti í febrúar 2019 eftir verkefnahugmyndum og áætlunum framkvæmdatíma. FV gerði tvær tillögu að verkefnum tillaga 1: Látrabjarg, Bæjarvaðall (Rauðasandur) og Friðland í Vatnsfirði og tillaga 2: Náttúruvættið Dynjandi. Miðað við að verkefnið væri árunum 2021 og 2022 og Vestfjarðastofa sæi um framkvæmd þess í umboði FV.

[https://vestfirdir.sharepoint.com/sites/FjrungssambandVestfirringa/Shared%20Documents/General/Bréf%20FV/2019/Náttúruvernd%20og%20efling%20byggða%20-%20tillaga%20FV\\_Vestfjarðastofa\\_2%20\(1\).pdf](https://vestfirdir.sharepoint.com/sites/FjrungssambandVestfirringa/Shared%20Documents/General/Bréf%20FV/2019/Náttúruvernd%20og%20efling%20byggða%20-%20tillaga%20FV_Vestfjarðastofa_2%20(1).pdf)

Tillagan var samþykkt að hálfu ráðuneytisins og gengið yrði til nánari samninga þegar kæmi að verkefninu en síðar á árinu 2019 voru gerðir samningar við þrjú landshlutasamtök um vinnslu verkefni á árinu 2019 og 2020.

Hefja þarf nú undirbúning að framkvæmd verkefna og fyrsti þáttur væri að skoða verkefnatillögur að nýju þar sem hátt í tvö ár eru liðin frá því tillögur voru settar fram. Ekki er fram hjá því litið að beinn ávinningur sveitarfélaga af friðun svæða hefur verið nokkuð óljós einkum þeirra svæða sem eru langt utan alfararleiða. Verndun náttúru er þar eitt meginmarkmið friðunar og er eitt og sér mikilvægt en hefur ekki beinan efnahagslegan og eða samfélagslegan ávinning í för með sér. Samtímis hefur komið fram vaxandi áhuga á Vestfjörðum að kannað verði með stofnun þjóðgarða á Vestfjörðum, á grunni friðlanda og náttúruverndarsvæða og náttúruvætta á Vestfjörðum og hugsanlegra nýrra svæða.

Í nýrri samgönguáætlun 2020-2024 er gert ráð fyrir að vegagerð um Gufudalssveit og Dynjandisheiði verði lokið og hafnar verði framkvæmdir við Bíldudalsveg. Með opnun Dýrafjarðarganga haustið 2020 og markaðssetningu Vestfjarðaleiðarinnar má gera ráð fyrir að fleiri svæði verði því í alfararleið ferðamanna þegar ferðaþjónusta á Íslandi fer af stað aftur. Skiptir þá máli að tryggja verndun náttúru á þeim svæðum, ásamt því að tryggja að mögulegt verði að nýta þau tækifæri sem nýting náttúruverndarsvæða sem nú komast í alfararleið.

Borið verði undir sveitarfélög á Vestfjörðum hvort þau vilji í einhverju breyta vali á svæðum samkvæmt fyrirliggjandi tillögum í C9 verkefninu í ljósi aukinnar umræðu um stofnun þjóðgarða. Í framhaldinu verði greindar sviðsmyndir fyrir svæðin til að leggja mat á möguleg hagræn áhrif af stofnun þjóðgarða á þeim svæðum. Hugmyndir verði mótaðar í víðtæku samráði við heimafólk, fyrirtæki og stjórnvöld um þróun svæðanna og greind tækifæri og mögulegar áskoranir. Afurðir verkefnisins verði sviðsmyndir og aðgerðaáætlun um næstu skref.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga  
Vísast til Allsherjarnefndar

### Þingskjal nr. 12

Ályktun um samgöngumál

65. Fjórðungspings Vestfirðinga, haustþing haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020 ályktar um samgöngumál.

### Vestfjarðavegur 60, Bíldudalsvegur og Dýrafjarðargöng.

Fjórðungsping Vestfirðinga fagnar þeim tímamótum sem verða á árinu 2020 með opnum Dýrafjarðargangna. Áhrif opunar Dýrafjarðargangna á atvinnulíf og samfélög verða víðtæk, sérstaklega á nýjar atvinnugreinar s.s. laxeldi og fyrir ferðaþjónustuna með verkefninu Vestfjarðaleiðin.

Það er einnig ánægjuefni að framkvæmdir eru að hefjast við endurnýjun Vestfjarðavegar 60 í Gufudalssveit og á Dynjandisheiði. Fjórðungsping Vestfirðinga ítrekar í því sambandi kröfu fyrri ára,

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

að tenging Vestfjarðavegar 60 og Bíldudalsvegar úr Arnarfirði sé unnin samhliða framkvæmdum á Vestfjarðavegi 60. Telur Fjórðungsþing Vestfirðinga að tímarammi framkvæmda á Bíldudalsvegi sé ekki í takt við uppbyggingu samfélaga og atvinnulífs á sunnanverðum Vestfjörðum. Horfa ber því heildstætt á þessi þrjú verkefni og vinna þau innan Samgönguáætlunar 2020-2024.

Hér eru kjörin verkefni í fjárfestingarátaki stjórnvalda til að mæta efnahagssamdrætti vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Jafnt til að skapa störf til skemmri tíma lítið en um leið að ná mun fyrr inn þjóðhagslegum ávinningi af opnun Dýrarfjarðargangna samhliða endurnýjun Vestfjarðavegar 60 og Bíldudalsvegar.

### **Innstrandavegur.**

Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst þess að endurnýjun vegkafla Innstrandavegar milli Heydalsár og Þorpa, verði unnið á árinu 2021, sem hluta af fjárfestingarátaki stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Samkvæmt Samgönguáætlun 2020-2034 á að vinna að verkefninu á tímabilinu 2025-2029, en um er að ræða endurnýjun og setja bundið slitlag á 5 km malarveg og ná þá loks samhangandi vegi með slitlagi frá Hólmavík í botn Kollafjarðar, framkvæmdakostnaður áætlaður 300 mkr.

Staða Strandabyggðar er alvarleg og hefur sveitarfélagið nýverið verið tekið inn í verkefnið Brothættar byggðir. Í verkefninu Brothættar byggðir er leitað allra leiða til að bæta búsetuskilyrði í sveitarfélaginu. Úrbætur í innviðum er hér lykilþáttur en umræddur vegkafla er hluti af daglegri vinnu og skólasókn íbúa í Strandabyggð.

Fyrir liggur ný stefnumörkun Alþingis um málefni sveitarfélaga, þar sem lögð er áhersla á að styðja við þætti er auka samvinnu eða sameiningu sveitarfélaga. Telur Fjórðungsþing Vestfirðinga því rétt að minna á að umræddur vegkafla var innan Kirkjubólshrepps. Nú eru liðin 18 ár frá sameiningu Hólmavíkurhrepps og Kirkjubólshrepps undir nafni Hólmavíkurhrepps og 14 ár frá sameiningu Broddaneshrepps undir nafni Strandabyggðar.

Hér er því kjörið verkefni í fjárfestingarátaki stjórnvalda til að mæta efnahagssamdrætti vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Jafnt til að skapa störf til skemmri tíma lítið en um leið jafna aðstöðu íbúa í brothættri byggð og ljúka verkefnum er varða sameiningu sveitarfélaga.

### **Veiðileysuháls.**

Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst þess að endurnýjun vegar um Veiðileysuháls verði hluti af fjárfestingarátaki ríkisstjórnar til að mæta efnahagssamdrætti vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Árneshreppur mun ljúka fjögurra ára þátttöku í verkefninu Brothættar byggðir á árinu 2021. Verkefnið hefur eflt ferðaþjónustu, samfélagið og menningu þess en lítið hefur þokast með uppbyggingu innviða. Umhverfismat framkvæmda á Veiðileysuhálsi er nær lokið og hönnun vegstæðis er hafin. Verði fjármagn eyrnamerkt framkvæmdinni þá má ætla að bjóða megi hana út síðla árs 2021. Með tillögu þessa efnis geta stjórnvöld sent þau skilaboð að þau trúu á framtíð samfélagsins í Árneshreppi og fylgi þar með eftir þingsályktun Alþingis um verndun búsetu og menningar í Árneshreppi.

### **Jarðgangaáætlun.**

Fjórðungsþing Vestfirðinga styður bókun umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis við afgreiðslu Samgönguáætlunar 2020-2034 að unnið verði ný Jarðgangaáætlun.

Vegatengingar á milli samfélaga á Vestfjörðum sem voru byggðar voru upp á níunda og tíunda áratug síðustu aldar byggðu á því viðhorfi að láta reyna á vegi sem lægju um há fjöll eða hlíðar með stöðugri ofanflóðahættu. Reynslan sýnir nú að fullreynt er með slíkar lausnir. Samfélög og atvinnulíf dagsins í dag og til framtíðar lítið, telja þessar vegtengingar ósættanlegar, þær hindra framþróun og skerða samkeppnisstöðu landshlutans. Stjórnvöld og atvinnulíf gera einnig ráð fyrir greiðum samgöngum

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

Þegar skipulögð er miðlæg Þjónusta, með tilheyrandi lokunum minni þjónustueininga í einstaka byggðarlögum.

Ný jarðgangaáætlun verður því að leggja samfélagsþróun til grundvallar í forgangsröðun verkefna og horfa til hagkvæmni verkefna til mun lengri tíma en forsendur Samgönguáætlunar 2020-2034 segja til um. Forgangsröðun verkefna ræðst einnig af samstöðu vestfiskra sveitarstjórnar og því er nauðsynlegt að unnin sé sértæk jarðgangaáætlun fyrir Vestfirði

### Ferðamannvegir – tengivegir

Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst þess að tengivegir og ferðamannaleiðir á Vestfjörðum verði hluti af fjárfestingarátaki stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Verkefnið *Vestfjarðaleiðin* byggir á tvennu, annarsvegar hringvegum um Vestfirði og nýtir stofnvegakerfið og hinsvegar vegir út frá hringnum sem er tengivegakerfið. Hér fara því saman verkefni sem stuðla að betri tengingum fyrir strjálbýli en opnar um leið ný tækifæri fyrir skipulag ferðamannaleiða um Vestfirði. Um er að ræða vegkafla um alla Vestfirði s.s. út á Látrabjarg, Rauðasand, Selárdal og Unaðsdal.

### Hafnarmál.

Vaxandi umsvif í höfnum á Vestfjörðum vegna fiskeldis, sjávarútvegs, móttaka skemmtiferðaskipa og nýting kalkþörungs, kalla á aukið fjármagn og flýtingu framkvæmda. Við hafnaframkvæmdir verði einnig tekið mið af áætlun stjórnvalda um orkuskipti.

### Flugmál.

Fjórðungsþing Vestfirðinga lýsir miklum áhyggjum af áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru á innanlandsflug til lengri tíma litið. Gerð er krafa á stjórnvöld að horfa til innanlandsflugs sem lykilþáttar fyrir þróun samfélaga og atvinnlífs og ekki verði dregið úr framlögum vegna stöðu dagsins í dag. Ítrekuð er krafa vestfirskra sveitarfélaga um hækkun á framlögum til innanlandsflugs og auknu fjármagni verði veitt til viðhalds og endurbóta á flugvöllum á Gjögri, Bíldudal og Ísafirði og til flugleiðsagnar. Þá minnir Fjórðungsþing á mikilvægi Reykjavíkurflugvallar fyrir samgöngur á milli landsbyggðar og höfuðborgar. Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningssamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. Því er fagnað verkefninu Loftbrúin sem tók gildi á þessu ári.

### Almenningssamgöngur

Lýst er áhyggjum af innleiðing heildarstefnu í almenningssamgöngum utan höfuðborgarsvæðis. Stjórnvöld hafa sett fram áhugaverða stefnu um eflingu almenningssamganga innan atvinnusvæða og þjónustusókn á milli landshluta en framlög til málaflokksins samkvæmt fjárlögum og fjármálaáætlun verða lækkuð á næstu árum og því erfitt að sjá hvernig almenningssamgöngur utan höfuðborgarsvæðisins geti gengið.

### Vegaþjónusta.

Lýst er áhyggjum að framlög til vegapjónustu eru ekki að mæta aukinni umferð og ekki er mætt uppsöfnuðum halla á vetrarþjónustu í frumvarp til fjárlaga 2021. Augljóst er að ekki er hægt að reka málaflokkinn með þessum hætti og mæta ekki vaxandi þörf í takt við aukna eftirspurn. Hækka þarf framlag til að auka vetrarþjónustu milli þéttbýliskjarna Vestfjarða og innan vinnusóknarsvæða. Einnig telur Fjórðungssamband Vestfirðinga þörf á heildarendurskoðun á fyrirkomulagi vetrarþjónustu.

### Gjaldtaka í jarðgöngum.

Fjórðungsþing Vestfirðinga harmar samþykkt Alþingis í Samgönguáætlun 2020-2034 um að til framtíðar litið verði tekin upp gjaldtaka í jarðgöngum. Jarðgöng á Íslandi, að undanteknum Hvalfjarðargöngum og Vaðlaheiðargöngum, hafa verið sett í framkvæmd til að leysa af hættulega fjallvegi eða fjallshlíðar með viðvarandi ofanflóðahættu. Þannig hefur verið komið á jafnræði íbúa

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

landsins með því að byggja upp öruggar heilsársamgöngur milli sveitarfélaga og eða milli byggðarlaga innan sveitarfélaga. Fjórðungsþing Vestfirðinga getur eingöngu fallist á gjaldtöku í jarðgöngum ef tryggt er að önnur heilsársleið sé fær.

### Pingskjal nr. 13

#### Ályktun um endurnýjun Ferjunnar Baldurs

Fjórðungsþing Vestfirðinga hvetur samgönguráðherra til þess að beita sér fyrir því að Breiðafjarðarferjan Baldur verði endurnýjuð. Ferjan gegnir lykilhlutverki í að koma afurðum á öruggan og skilvirkan hátt frá svæðinu og mikilvæg fyrir vestfirska ferðaþjónustu allt árið. Við endurnýjun ferjunnar er mikilvægt að horfa til hraðskreiðari ferju þar sem sjóleiðin væri jan löng í tíma og bílvegurinn. Einnig hvetur Fjórðungsþing ráðherra til að beita sér fyrir því að öryggi ferjunnar verði bætt, en í dag er Baldur aðeins knúinn einni vél og í áhættumati almannavarna Vestfjarða 2011 kemur fram að gríðarleg hættu geti orðið verði ferjuslys á hinum friðaða Breiðafirði. Að lokum er mikilvægt að litið sé til þess að Vestfirðir eru umhverfisvottaðir hjá Earth Check og því þarf ferja að vera umhverfisvæn í rekstri.

Daníel Jakobsson, Ísafjarðarbæ

Daníel óskar eftir að þingforseti lesi upp ályktunina.

### Pingskjal nr. 14

Tillaga að ályktun Haustþings 2020 Fjórðungssambands Vestfirðinga:

Fjórðungssamband Vestfirðinga mótmælir þeirri ákvörðun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga að halda ekki landsþing 2020 og brjóta þannig gegn 4. gr. samþykktu fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga sem vísar til æðsta valds í málefnum sambandsins.

Ábyrgðarmaður tillögu að ályktun:

Bragi Þór Thoroddsen – sveitarstjóri Súðavíkurhrepps

### Pingskjal nr. 15 áður þingskjal 6

#### Tillaga að breytingu á samþykktum og þingsköpum Fjórðungssambands Vestfirðinga.

65. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haustþing, haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020 gerir tillögu að breytingu á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga sem hér segir (breytingar **feitletraðar**)

10. gr. Fastanefndir

Á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga starfa **þrjár** fastanefndir, Fastanefnd um samgöngumál og fjarskipti, Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða og **Fjárhagsnefnd**.

Á Fjórðungsþingi skulu kosnir fulltrúar í þessar nefndir;

- í samgöngu- og fjarskiptanefnd skulu kjörnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Formann nefndar um samgöngumál og fjarskipti skal kjósa sérstaklega úr hópi stjórnar sambandsins.
- í Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs skulu kjörnir fimm fulltrúar. Þrjú fulltrúar úr hópi aðalfulltrúa eða varafulltrúa sveitarstjórna á Vestfjörðum, þar af einn fulltrúi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum og einn fulltrúi af Ströndum/Reykhólum. Tveir fulltrúar skulu koma utan Vestfjarða og verði valdir úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum

Kjörið skal í tvö fagráð sem fjalli um umsóknir áður en úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs fær umsóknir til afgreiðslu. Í fagráð menningar skulu kjörnir fjórir fulltrúar og í fagráð

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

atvinnuþróunar, nýsköpunar og umhverfismála skulu kjörnir fjórir fulltrúar. Þrír fulltrúar hvors fagráðs skulu kjörnir með tilliti til þess að einn fulltrúi komi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af Ströndum/Reykholum og einn utan Vestfjarða. Fulltrúar skulu koma úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum.

- **Í Fjárhagsnefnd skulu kjörnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Úr hópi kjörinna aðalmanna skal kjósa formann Fjárhagsnefndar með sérstakri kosningu. Fjárhagsnefnd skal vinna með stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu og sviðstjóra byggðarmála hjá Vestfjarðastofu, að framlagningu fjárhagsáætlunar og endurskoðaðar fjárhagsáætlunar ár hvert.**

### Greinargerð

Ályktun sem samþykkt var á 65. Fjórðungspingi, vorþing.

#### Ályktun um fastanefnd

65. Fjórðungsping Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið í fjarfundi ákveði að skipað verði fjárhagsnefnd sem eina af fastanefndum sambandsins.

Samhliða verði fjárhagsáætlun og greining fjárhagslegra upplýsinga færð til samræmis við sveitarfélög þar sem fjárhagsáætlun er deildarskipt og frávik frá fjárhagsáætlun eru skilgreind með viðaukum við fjárhagsáætlun á sama hátt og sveitarfélög.

Greinargerð: Tilgangur fjárhagsnefndar milli þinga er að vinna með starfsfólki og stjórn Vestfjarðastofu að framlagningu fjárhagsáætlunar fyrir haustþing sambandsins.

#### Núverandi grein er sem hér segir;

##### 10. gr. Fastanefndir

Á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga starfa þrjár fastanefndir, Fastanefnd um samgöngumál og fjarskipti og Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða.

Á Fjórðungspingi skulu kosnir fulltrúar í þessar nefndir;

- í samgöngu- og fjarskiptanefnd skulu kjörnir fimm fulltrúar og fimm til vara. Formann nefndar um samgöngumál og fjarskipti skal kjósa sérstaklega úr hópi stjórnar sambandsins.
- í Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs skulu kjörnir fimm fulltrúar. Þrír fulltrúar úr hópi aðalfulltrúa eða varafulltrúa sveitarstjórna á Vestfjörðum, þar af einn fulltrúi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum og einn fulltrúi af Ströndum/Reykholum. Tveir fulltrúar skulu koma utan Vestfjarða og verði valdir úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum
- Kjörrið skal í tvö fagråd sem fjalli um umsóknir áður en úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs fær umsóknir til afgreiðslu. Í fagråd menningar skulu kjörnir fjórir fulltrúar og í fagråd atvinnuþróunar, nýsköpunar og umhverfismála skulu kjörnir fjórir fulltrúar. Þrír fulltrúar hvors fagráðs skulu kjörnir með tilliti til þess að einn fulltrúi komi af norðanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af sunnanverðum Vestfjörðum, einn fulltrúi af Ströndum/Reykholum og einn utan Vestfjarða. Fulltrúar skulu koma úr atvinnulífi, menningarlífi og rannsókna og háskólastofnunum.

#### Þingskjal nr. 16 áður þingskjal 10

##### Ályktun vegna jöfnunarsjóðs sveitafélaga

65. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í fjarfundi 9.-10. október 2020 lýsir yfir þungum áhyggjum af áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (Covid-19) á rekstur sveitafélaga á Vestfjörðum.

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

Í greiningum Sambands íslenskra sveitarfélaga, Bygðastofnunar og starfshóps um fjármál sveitarfélaga koma glöggt fram áhrif á efnahagshruni og atvinnuleysi líkt og nú er að verða hefur alvarlega áhrif á tekjur sveitarfélaga. Útsvarstekjur lækka, ýmis þjónustugjöld dragast saman og framlög jöfnunarsjóðs skerðast vegna tekjulækkunar ríkissjóðs.

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga voru árið 2019 frá 18-44% af heildartekjum sveitarfélaga á Vestfjörðum. Mikilvægi þessara framlaga fyrir sveitarfélög sem þegar standa frammi fyrir erfiðleikum við að viðhalda lögbundinni þjónustu er óumdeilt. Upphaflegar áætlanir sveitarfélaganna á Vestfjörðum fyrir árið 2020 gerðu ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs næmu tæpum 2,3 milljörðum króna. Boðað hefur verið að þau framlög lækki um tæpar 500 milljónir. Áhrif á sveitarfélög eru mismunandi en skerðing nemur allt að 48% í Vesturbyggð, 46% í Árneshreppi og 30% í Strandabyggð miðað við 1. júní 2020. Augljóst er að erfitt er að bregðast við slíkri ófyrirsjáanlegri skerðingu.

Sveitarfélögin hafi undanfarin ár sýnt ráðdeild í rekstri, með aðhaldsaðgerðum og lækkað skuldir. En þessi rekstarhagræðing verður nú að engu og ljóst að sveitarfélögin þurfa stuðning til þess að komast í gegnum það tekjutap sem þau verða fyrir bæði vegna skerðinga Jöfnunarsjóðs og lækkunar annarra tekna auk þess sem fyrirsjáanleg eru aukin útgjöld m.a. í velferðþjónustu vegna viðbragða við Covid-19.

Fjórðungsping Vestfirðinga telur því afar brýnt að gripið verði til aðgerða af hálfu ríkisins til að styðja við sveitarfélögin í landinu. Mikilvægast í því samhengi er að standa vörð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og tryggja að framlög hans til sveitarfélaganna skerðist ekki.

65. Fjórðungsping Vestfirðinga skorar á ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála að beita sér fyrir því að ríkisstjórnin gripi nú þegar til aðgerða til að styðja við sveitarfélögin í landinu. Standa þarf vörð um lögbundin verkefni sveitarfélaga þannig að þau geti þrátt fyrir mikið tekjutap sinnt sínum verkefnum. Samtímis þurfa sveitarfélögin að vera í stakk búinn að hefja kröfugt endurreisnarstarf þegar farsóttin Covid-19 hefur gengið yfir.

### **Pingskjal nr. 17 áður þingskjal 11**

#### **Ályktun um þjóðgarða á Vestfjörðum**

65. Fjórðungspings Vestfirðinga, haustping haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020, beinir því til sveitarfélaga á Vestfjörðum að móta stefnu um uppbyggingu þjóðgarða á Vestfjörðum og samstarf á milli sveitarfélaga þar sem það á við.

#### **Greinargerð**

##### **Þjóðgarðar á Vestfjörðum**

Umræður um þjóðgarða á Vestfjörðum hafa oft komið upp og í seinni tíð hafa nokkrir staðir verið nefndir sem áhugaverðir kostir. Enginn þjóðgarður er á Vestfjörðum en skilgreind náttúruverndarsvæði og eða friðlönd á Vestfjörðum, samkvæmt Umhverfisstofnun eru Breiðafjörður, Dynjandi í Arnarfirði, Flatey á Breiðafirði, Hornstrandir, Hrísey í Reykhólahreppi, Surtarbrandsgil og Vatnsfjörður. Alls eru nú þegar um fjórðungur lands á Vestfjörðum friðlýst.

<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vestfirdir/>

Töluvert hefur verið unnið að friðlýsingu Látrabjargs og umræða hefur verið um þjóðgarð á því svæði en því máli vísaði Umhverfisstofnun til ráðherra árið 2019. Nánari upplýsingar um framvindu þess máls má vinna hér: <https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/latrabjarg/>

Breiðafjarðarnefnd hefur unnið að mótun tillagna um framtíð Breiðafjarðar og til skoðunar á þeim vettvangi er meðal annars að skrá verndarsvæði Breiðafjarðar á lista yfir Ramsarsvæði en Ramsarsamningur er alþjóðlegur samningur um verndun votlendis. Ísland hefur verið aðili að samningum frá 1978 og svæði eins og Mývatn/Laxá og Þjorsárver hafa verið skráð inn í samninginn.



## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

Nánari upplýsingar um vinnu Breiðafjarðarnefndar má finna hér: <http://www.breidafjordur.is/framtid-breidafjardar/>

Á árinu hefur komið upp umræða um þjóðgarð við Dynjanda og sveitarfélögum á svæðinu kynntar hugmyndir þar að lútandi. Haustið 2019 færði RARIK íslenska ríkinu jörðina Dynjanda við Arnarfjörð að gjöf. Við það tækifæri setti umhverfisráðherra fram hugmyndir um að tengja jörðina Dynjanda við Friðlandið í Vatnsfirði og „skapa þannig mikilvæg verðmæti fyrir sunnanverða Vestfirði“. Ráðherra sagði jafnframt að við það yrði „friðlýst svæði á sunnanverðum Vestfjörðum stærri og samfelldari en nú er, með tilheyrandi tækifærum fyrir þetta stórbrotna svæði – ekki síst þegar samgöngubótum þar verður lokið og hringtenging á Vestfjörðum komin á“.

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/09/16/Jordin-Dynjandi-gefin-islenska-rikinu-i-tilefni-af-75-ara-afmaeli-lydveldisins/>

### Náttúruvernd og efling byggða

Verkefni C-09 í Byggðaáætlun 2018-2024 sem ber yfirskriftina „Náttúruvernd og efling byggða“<sup>4</sup>. Tilgangur verkefnisins er að greina tækifæri og mögulegan ávinning í héraði af þjónustu sem byggist á nýtingu og umsjón friðlýstra svæða, svo sem í náttúrutengdri ferðaþjónustu. Verkefnið er fjármagnað úr Byggðaáætlunar og hefur framkvæmd þess verið falið landshlutasamtökum sveitarfélaga í samvinnu við sveitarfélög á þeirra starfssvæði. Þar sem verkefnafjármagni er dreift á áætlunartíma þá geta ekki öll landshlutasamtök í einu fengið fjármagn til framkvæmd verkefna.

Umhverfisráðuneytið stýrir verkefninu og auglýsti í febrúar 2019 eftir verkefnahugmyndum og áætlunum framkvæmdatíma. FV gerði tvær tillögu að verkefnum tillaga 1: Látrabjarg, Bæjarvaðall (Rauðasandur) og Friðland í Vatnsfirði og tillaga 2: Náttúruvættið Dynjandi. Miðað við að verkefnið væri árunum 2021 og 2022 og Vestfjarðastofa sæi um framkvæmd þess í umboði FV.

[https://vestfirdir.sharepoint.com/sites/FjrungssambandVestfiringa/Shared%20Documents/General/Bréf%20FV/2019/Náttúruvernd%20og%20efling%20byggða%20-%20tillaga%20FV\\_Vestfjardastofa\\_2%20\(1\).pdf](https://vestfirdir.sharepoint.com/sites/FjrungssambandVestfiringa/Shared%20Documents/General/Bréf%20FV/2019/Náttúruvernd%20og%20efling%20byggða%20-%20tillaga%20FV_Vestfjardastofa_2%20(1).pdf)

Tillagan var samþykkt að hálfu ráðuneytisins og gengið yrði til nánari samninga þegar kæmi að verkefninu en síðar á árinu 2019 voru gerðir samningar við þrjú landshlutasamtök um vinnslu verkefni á árinu 2019 og 2020.

Hefja þarf nú undirbúning að framkvæmd verkefna og fyrsti þáttur væri að skoða verkefnatillögur að nýju þar sem hátt í tvö ár eru liðin frá því tillögur voru settar fram. Ekki er fram hjá því litið að beinn ávinningur sveitarfélaga af friðun svæða hefur verið nokkuð óljós einkum þeirra svæða sem eru langt utan alfararleiða. Verndun náttúru er þar eitt meginmarkmið friðunar og er eitt og sér mikilvægt en hefur ekki beinan efnahagslegan og eða samfélagslegan ávinning í för með sér. Samtímis hefur komið fram vaxandi áhuga á Vestfjörðum að kannað verði með stofnun þjóðgarða á Vestfjörðum, á grunni friðlanda og náttúruverndarsvæða og náttúruvætta á Vestfjörðum og hugsanlegra nýrra svæða.

Í nýrri samgönguáætlun 2020-2024 er gert ráð fyrir að vegagerð um Gufudalssveit og Dynjandisheiði verði lokið og hafnar verði framkvæmdir við Bíldudalsveg. Með opnun Dýrafjarðarganga haustið 2020 og markaðssetningu Vestfjarðaleiðarinnar má gera ráð fyrir að fleiri svæði verði því í alfararleið

<sup>4</sup> C.9. Náttúruvernd og efling byggða. Verkefnismarkmið: Að náttúruvernd stuðli að eflingu byggða. Greind verði tækifæri og ávinningur í héraði af þjónustu sem byggist á nýtingu náttúruverndarsvæða, svo sem í náttúrutengdri ferðaþjónustu. Hugað verði að því að verulegur ávinningur getur falist í friðlýsingu svæða og rekstri þeirra, svo sem með stofnun þjóðgarða eða jarðvanga. Árangur af verkefninu verði mældur í fjölda fyrirtækja í náttúrutengdri ferðaþjónustu innan landshluta. Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Framkvæmdaraðili: Landshlutasamtök sveitarfélaga. Dæmi um samstarfsaðila: Markaðsstofur, háskólar, atvinnuráðgjöf landshluta, Umhverfisstofnun, Skógræktin og Landgræðslan. Tímabil: 2018–2022. Tillaga að fjármögnun: 57 millj. kr. úr byggðaáætlun.

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

ferðamanna þegar ferðaþjónusta á Íslandi fer af stað aftur. Skiptir þá máli að tryggja verndun náttúru á þeim svæðum, ásamt því að tryggja að mögulegt verði að nýta þau tækifæri sem nýting náttúruverndarsvæða sem nú komast í alfararleið.

Borið verði undir sveitarfélög á Vestfjörðum hvort þau vilji í einhverju breyta vali á svæðum samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum í C9 verkefninu í ljósi aukinnar umræðu um stofnun þjóðgarða. Í framhaldinu verði greindar sviðsmyndir fyrir svæðin til að leggja mat á möguleg hagræn áhrif af stofnun þjóðgarða á þeim svæðum. Hugmyndir verði mótaðar í víðtæku samráði við heimafólk, fyrirtæki og stjórnvöld um þróun svæðanna og greind tækifæri og mögulegar áskoranir. Afurðir verkefnisins verði sviðsmyndir og aðgerðaáætlun um næstu skref.

### **Pingskjal nr. 18 áður þingskjal 14**

#### **Ályktun um Landsþing sveitarfélaga 2020**

Fjórðungssamband Vestfirðinga mótmælir þeirri ákvörðun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga að halda ekki landsþing 2020 og brjóta þannig gegn 4.g r. samþykka fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga sem vísar til æðsta valds í málefnum sambandsins.

Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur til að landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga verði haldið með rafrænu fyrirkomulagi, í ljósi aðstæðna í samfélaginu.

### **Pingskjal nr. 19 áður þingskjal 7**

#### **Ályktun um orkumál atvinnulífs**

65. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í fjarfundi dagana 9.-10. október 2020 vísar í umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga um Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 þar sem farið er ítarlega yfir annmarka og kosti Kerfisáætlunar fyrir Vestfirði.

Afhendingargeta raforku á Vestfjörðum ásamt annmörkum á afhendingaröryggi á svæðinu eru takmarkandi þáttur vaxtar atvinnulífs á svæðinu. Nefna má í þessu samhengi til dæmis stækkun seiðaeldisstöðvar Háafells á Nauteyri, uppbyggingu kalkþörungaverksmiðju í Súðavík, því sem næst alla atvinnuuppbyggingu í Árneshreppi svo nokkur dæmi séu nefnd. Síðan er hafin þróun í orkuskiptum atvinnulífs og mun sú þróun að líkum verða hröð á komandi árum.

Í Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 er gerð greining á þróun launatekna almennings og hlutfallslegri afhendingargetu raforku á árabílinu 1992-2016 til þéttbýlisstaða á Íslandi. Niðurstöður greiningarinnar gefa skýrt til kynna að hin lága afhendingargeta raforku á Vestfjörðum hefur leitt til lægri launatekna á undanförunum áratugum og er því einn lykilþáttur fyrir neikvæðri þróun atvinnulífs og samfélaga. Ekki verður við það búið að þessi staða haldi áfram og verður að tryggja svæðinu sömu forsendur til vaxtar og annarra landshluta.

Þessu til viðbótar er eðlileg krafa að samfélög á Vestfjörðum geti keppt um orkufrek atvinnutækifæri við aðra landshluta ef það fellur að atvinnustefnu svæðisins. Fjórðungssamband Vestfirðinga og Vestfjarðastofa gera eindregna kröfu um þetta mál verði fjallað í Kerfisáætlun 2020-2029.

Miðað við tímasetningar verkefna á Vestfjörðum sem kynntar eru í framkvæmdaáætlun 2020-2024 og langtímaáætlun Kerfisáætlunar 2020-2029, þá er tæpt á að þær nái að fylgja þróun þeirrar sviðsmyndar sem Fjórðungssambandið og Vestfjarðastofa telja líklegasta til að lýsa framtíðarþróun í atvinnu- og mannlífi Vestfjarða, Vestfirðir í sókn.

Alþingi hefur með þingsályktunartillögu um flutningsmál raforku (26/148) sett Vestfirði í forgang. 65. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Bolungarvík dagana 9.-10. október 2020 hvetur til þess að Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 fjalli betur um hvernig forgangur í málum Vestfjarða kemur fram. Að óbreyttu yrði staða Vestfjarða áfram líkt og um áratuga skeið um að framþróun í

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

afhendingaröryggi verður stigi á eftir öðrum landshlutum og eða framkvæmdir eru eftir á í tíma. Við það verður ekki unað.

### **Þingskjal nr. 20 áður þingskjal nr. 8**

#### **Ályktun orkumál samfélagsins**

65. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Bolungarvík, dagana 9. og 10. október 2020 vekur athygli á skýrslu samstarfshóps iðnaðarráðherra um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Skýrslan kom út í febrúar 2020 og er framhald af vinnu samstarfshópsins sem starfað hefur frá árinu 2011.

Samhljómur er í efni skýrslunnar við áform orkufyrirtækja og flutningsfyrirtækja raforku um bætt flutningsgetu og afhendingaröryggi raforkukerfisins á Vestfjörðum. Atvinnulíf á Vestfjörðum er hér leiðandi aðili í krafti eftirspurnar og gæðakrafna um afhendingu raforku og slík þróun kemur samfélögunum á Vestfjörðum samhliða til góða.

65. Fjórðungsping Vestfirðinga vill hinsvegar ítreka að meginhluti íbúðarhúsnæðis á Vestfjörðum er hitaður með raforku. Samkvæmt samantekt Byggðastofnun er húshitunarkostnaður allt að 100% hærri í þéttbýli á Vestfjörðum í samanburði við þéttbýli sem hefur aðgengi að hitaveitu. Mismunur í hitun íbúðarhúsnæðis í dreifbýli er enn hærri eða hátt í 200%. Hækkun framlaga til niðurgreiðslu kostnaðar við húshitun ná því ekki náð að jafna samkeppnisstöðu samfélaga á Vestfjörðum við aðra landshluta.

Til framtíðar litið, mun kostnaður íbúa á Vestfjörðum líklega aukast verulega og þar með krafa um auknar niðurgreiðslur. En spár eru um hækkandi verð raforku og dreifingu hennar, sem og minna aðgengi að svonefndri „ótryggri orku“ til að kyndingar fjarvarmaveitna. Stjórnvöld verða að horfa til langtímalausna og bendir 65. Fjórðungsping Vestfirðinga á tillögur samstarfshóps iðnaðarráðherra í þessum efnunum;

- Efnahagsleg og félagsleg greining á þýðingu jarðhita fyrir minni byggðarlög.
- Kanna þarf leiðir til þess að greiða niður eignastofn vegna dreifingar raforku í dreifbýli.
- Skoða betur möguleika á uppsetningu lághitavirkjana á svæðum sem eru með yfir 100°C hita.
- Frekari kortlagning á jarðhitakostum á Vestfjörðum.
- Samræma vegagerð og strenglagnir vegna raforkuflutnings og dreifingar.

65. Fjórðungsping Vestfirðinga gerir því kröfu á iðnaðarráðherra að leysa orkumál samfélaga á Vestfjörðum. Verði auknum fjárveitingum veitt til að hrinda tillögum samstarfshóp ráðherrans í framkvæmd m.a. með auknum framlögum til Orkusjóðs og Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

Vísast til Fjórðungsmálanefndar

### **Þingskjal nr. 21 áður þingskjal 9**

65. Fjórðungspings Vestfirðinga, haustping, haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020, hvetur sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra til að fresta framlagningu frumvarps, um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu o.fl). Einnig verði frestað framlagningu frumvarps um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).

Stofnað verði til starfshóps með aðkomu sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana, háskólasamfélags, veiðiréttarhafa og afurðavinnslna. Vinna starfshópsins verði móta stefnu um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna á grundvelli greiningar á áhrifum af hagkvæmri nýtingu svæðisbundinna nytjastofna á byggðarlög, lífríki og vistkerfi.

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

Ný frumvörp verði lögð fram sem samþætti markmið um sjálfbæra nýtingu staðbundinna nytjastofna og markmið um eflingu byggðarlaga sem tengd eru nýtingu þeirra.

Flutningsmaður: Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

Vísast til Fjórðungsmálanefndar

### **Pingskjal nr. 22 áður þingskjal 12**

#### **Ályktun um samgöngumál**

65. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haustþing haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020 ályktar um samgöngumál.

#### **Vestfjarðavegur 60, Bíldudalsvegur og Dýrafjarðargöng.**

Fjórðungsþing Vestfirðinga fagnar þeim tímamótum sem verða á árinu 2020 með opnum Dýrafjarðargangna. Áhrif opunar Dýrafjarðargangna á atvinnulíf og samfélög verða víðtæk, sérstaklega á nýjar atvinnugreinar s.s. laxeldi og fyrir ferðaþjónustuna með verkefninu Vestfjarðaleiðin.

Það er einnig ánægjuefni að framkvæmdir eru að hefjast við endurnýjun Vestfjarðavegar 60 í Gufudalssveit og á Dynjandisheiði. Fjórðungsþing Vestfirðinga ítrekar í því sambandi kröfu fyrri ára, að tenging Vestfjarðavegar 60 og Bíldudalsvegur úr Arnarfirði sé unnin samhliða framkvæmdum á Vestfjarðavegi 60. Telur Fjórðungsþing Vestfirðinga að tímarammi framkvæmda á Bíldudalsvegi sé ekki í takt við uppbyggingu samfélaga og atvinnulífs á sunnanverðum Vestfjörðum. Horfa ber því heildstætt á þessi þrjú verkefni og vinna þau innan Samgönguáætlunar 2020-2024.

Hér eru kjörin verkefni í fjárfestingarátaki stjórnvalda til að mæta efnahagssamdrætti vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Jafnt til að skapa störf til skemmri tíma litið en um leið að ná mun fyrr inn þjóðhagslegum ávinningi af opnun Dýrafjarðargangna samhliða endurnýjun Vestfjarðavegar 60 og Bíldudalsvegur.

#### **Innstrandavegur.**

Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst þess að endurnýjun vegkafla Innstrandavegar milli Heydalsár og Þorpa, verði unnið á árinu 2021, sem hluta af fjárfestingarátaki stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Samkvæmt Samgönguáætlun 2020-2034 á að vinna að verkefninu á tímabilinu 2025-2029, en um er að ræða endurnýjun og setja bundið slitlag á 5 km malarveg og ná þá loks samhangandi vegi með slitlagi frá Hólmavík í botn Kollafjarðar, framkvæmdakostnaður áætlaður 300 mkr.

Staða Strandabyggðar er alvarleg og hefur sveitarfélagið nýverið verið tekið inn í verkefnið Brothættar byggðir. Í verkefninu Brothættar byggðir er leitað allra leiða til að bæta búsetuskilyrði í sveitarfélaginu. Úrbætur í innviðum er hér lykilþáttur en umræddur vegkafla er hluti af daglegri vinnu og skólasókn íbúa í Strandabyggð.

Fyrir liggur ný stefnumörkun Alþingis um málefni sveitarfélaga, þar sem lögð er áhersla á að styðja við þætti er auka samvinnu eða sameiningu sveitarfélaga. Telur Fjórðungsþing Vestfirðinga því rétt að minna á að umræddur vegkafla var innan Kirkjubólshrepps. Nú eru liðin 18 ár frá sameiningu Hólmavíkurhrepps og Kirkjubólshrepps undir nafni Hólmavíkurhrepps og 14 ár frá sameiningu Broddaneshrepps undir nafni Strandabyggðar.

Hér er því kjörið verkefni í fjárfestingarátaki stjórnvalda til að mæta efnahagssamdrætti vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Jafnt til að skapa störf til skemmri tíma litið en um leið jafna aðstöðu íbúa í brothætti byggð og ljúka verkefnum er varða sameiningu sveitarfélaga.

### Veiðileysuháls.

Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst þess að endurnýjun vegar um Veiðileysuháls verði hluti af fjárfestingarátaki ríkisstjórnar til að mæta efnahagssamdrætti vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Árneshreppur mun ljúka fjögurra ára þátttöku í verkefninu Brothættar byggðir á árinu 2021. Verkefnið hefur eftir ferðabjónustu, samfélagið og menningu þess en lítið hefur þokast með uppbyggingu innviða. Umhverfismat framkvæmda á Veiðileysuhálsi er nær lokið og hönnun vegstæðis er hafin. Verði fjármagn eyrnamerkt framkvæmdinni þá má ætla að bjóða megi hana út síðla árs 2021. Með tillögu þessa efnis geta stjórnvöld sent þau skilaboð að þau trúu á framtíð samfélagsins í Árneshreppi og fylgi þar með eftir þingsályktun Alþingis um verndun búsetu og menningar í Árneshreppi.

### Jarðgangaáætlun.

Fjórðungsþing Vestfirðinga styður bókun umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis við afgreiðslu Samgönguáætlunar 2020-2034 að unnið verði ný Jarðgangaáætlun.

Vegatengingar á milli samfélaga á Vestfjörðum sem voru byggðar voru upp á níunda og tíunda áratug síðustu aldar byggðu á því viðhorfi að láta reyna á vegi sem lægju um há fjöll eða hlíðar með stöðugri ofanflóðahættu. Reynslan sýnir nú að fullreynt er með slíkar lausnir. Samfélög og atvinnulíf dagsins í dag og til framtíðar lítið, telja þessar vegtengingar ósættanlegar, þær hindra framþróun og skerða samkeppnisstöðu landshlutans. Stjórnvöld og atvinnulíf gera einnig ráð fyrir greiðum samgöngum þegar skipulögð er miðlæg þjónusta, með tilheyrandi lokunum minni þjónustueininga í einstaka byggðarlögum.

Ný jarðgangaáætlun verður því að leggja samfélagsþróun til grundvallar í forgangsöröðun verkefna og horfa til hagkvæmni verkefna til mun lengri tíma en forsendur Samgönguáætlunar 2020-2034 segja til um. Forgangsöröðun verkefna ræðst einnig af samstöðu vestfiskra sveitarstjórnar og því er nauðsynlegt að unnin sé sértæk jarðgangaáætlun fyrir Vestfirði

### Ferðamannvegir – tengivegir

Fjórðungsþing Vestfirðinga krefst þess að tengivegir og ferðamannaleiðir á Vestfjörðum verði hluti af fjárfestingarátaki stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Verkefnið *Vestfjarðaleiðin* byggir á tvennu, annarsvegar hringvegur um Vestfirði og nýtir stofnvegakerfið og hinsvegar vegir út frá hringnum sem er tengivegakerfið. Hér fara því saman verkefni sem stuðla að betri tengingum fyrir strjálbýli en opnar um leið ný tækifæri fyrir skipulag ferðamannaleiða um Vestfirði. Um er að ræða vegkafla um alla Vestfirði s.s. út á Látrabjarg, Rauðasand, Selárdal og Unaðsdal

### Hafnarmál.

Vaxandi umsvif í höfnum á Vestfjörðum vegna fiskeldis, sjávarútvegs, móttaka skemmtiferðaskipa og nýting kalkþörungs, kalla á aukið fjármagn og flýtingu framkvæmda. Við hafnaframkvæmdir verði einnig tekið mið af áætlun stjórnvalda um orkuskipti.

### Flugmál.

Fjórðungsþing Vestfirðinga lýsir miklum áhyggjum af áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru á innanlandsflug til lengri tíma lítið. Gerð er krafa á stjórnvöld að horfa til innanlandsflugs sem lykilþáttar fyrir þróun samfélaga og atvinnulífs og ekki verði dregið úr framlögum vegna stöðu dagsins í dag. Ítrekuð er krafa vestfirskra sveitarfélaga um hækkun á framlögum til innanlandsflugs og auknu fjármagni verði veitt til viðhalds og endurbóta á flugvöllum á Gjögri, Bíldudal og Ísafirði og til flugleiðsagnar. Þá minnir Fjórðungsþing á mikilvægi Reykjavíkflugvallar fyrir samgöngur á milli landsbyggðar og höfuðborgar. Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningssamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. Því er fagnað verkefninu Loftbrúin sem tók gildi á þessu ári.

# 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

## Almenningssamgöngur

Lýst er áhyggjum af innleiðing heildarstefnu í almenningssamgöngum utan höfuðborgarsvæðis. Stjórnvöld hafa sett fram áhugaverða stefnu um eflingu almenningssamganga innan atvinnusvæða og þjónustusókn á milli landshluta en framlög til málaflokksins samkvæmt fjárlögum og fjármálaáætlun verða lækkuð á næstu árum og því erfitt að sjá hvernig almenningssamgöngur utan höfuðborgarsvæðisins geti gengið.

## Vegaþjónusta.

Lýst er áhyggjum að framlög til vegþjónustu eru ekki að mæta aukinni umferð og ekki er mætt uppsöfnuðum halla á vetrarþjónustu í frumvarp til fjárlaga 2021. Augljóst er að ekki er hægt að reka málaflokkinn með þessum hætti og mæta ekki vaxandi þörf í takt við aukna eftirspurn. Hækka þarf framlag til að auka vetrarþjónustu milli þéttbýliskjarna Vestfjarða og innan vinnusóknarsvæða. Einnig telur Fjórðungssamband Vestfirðinga þörf á heildarendurskoðun á fyrirkomulagi vetrarþjónustu.

## Gjaldtaka í jarðgöngum.

Fjórðungsþing Vestfirðinga harmar samþykkt Alþingis í Samgönguáætlun 2020-2034 um að til framtíðar litið verði tekin upp gjaldtaka í jarðgöngum. Jarðgöng á Íslandi, að undanteknum Hvalfjarðargöngum og Vaðlaheiðargöngum, hafa verið sett í framkvæmd til að leysa af hættulega fjallvegi eða fjallshlíðar með viðvarandi ofanflóðahættu. Þannig hefur verið komið á jafnræði íbúa landsins með því að byggja upp öruggar heilsársamgöngur milli sveitarfélaga og eða milli byggðarlaga innan sveitarfélaga. Fjórðungsþing Vestfirðinga getur eingöngu fallist á gjaldtöku í jarðgöngum ef tryggt er að önnur heilsársleið sé fær.

## Þingskjal nr. 23 áður þingskjal 5d. Tillaga um árstíllag sveitarfélaga á Vestfjörðum

Tillaga um árstíllag sveitarfélaga á Vestfjörðum til FV og sameiginlegra stofnana atvinnu og byggaþróunar á árinu 2021, skipt niður eftir verkefnum										
Skjött samkvæmt útláti 1. janúar 2020 samkvæmt gögnum Hagstofu 20. mars 2020										
	Íðvar	Árstíllag	Heildarframlag	Framlag (*)	Framlag (**)	Framlag (***)	Undirsvotum (****)	Framlag (*)	Samtals framlag	Áætlun mánaðargjalds (*****)
	1.jan.20	pr. íbúa	sveitarfélaga	til reksturs FV	til markaðsmála ferðaþjónustu	menningarmála	sveitarfélaga	til atvinnþróunar	til reksturs FV og málaflökka	í hverri sk. FV
Reykholahreppur	262	5.256.50 kr.	1.377.203 kr.	375.601 kr.	250.401 kr.	364.554 kr.	147.294 kr.	239.353 kr.	1.377.203 kr.	- kr.
Vesturbyggð	1.021	5.256.50 kr.	5.366.887 kr.	1.463.696 kr.	975.798 kr.	1.420.647 kr.	573.999 kr.	932.748 kr.	5.366.887 kr.	- kr.
Tálknafljarðarhreppur	251	5.256.50 kr.	1.319.382 kr.	359.831 kr.	239.888 kr.	349.248 kr.	141.110 kr.	229.304 kr.	1.319.382 kr.	- kr.
Bolungarvík	955	5.256.50 kr.	5.019.958 kr.	1.369.079 kr.	912.720 kr.	1.328.812 kr.	536.894 kr.	872.453 kr.	5.019.958 kr.	- kr.
Ísafljarðarhöfð	3.809	5.256.50 kr.	20.022.010 kr.	5.460.548 kr.	3.640.365 kr.	5.299.944 kr.	2.141.391 kr.	3.479.761 kr.	20.022.010 kr.	- kr.
Súðavíkurbhreppur	208	5.256.50 kr.	1.093.352 kr.	298.187 kr.	198.791 kr.	289.417 kr.	116.936 kr.	190.021 kr.	1.093.352 kr.	- kr.
Árneshreppur	43	5.256.50 kr.	226.030 kr.	61.644 kr.	41.096 kr.	59.831 kr.	24.174 kr.	39.283 kr.	226.030 kr.	- kr.
Kaldrananeshreppur	109	5.256.50 kr.	572.959 kr.	156.261 kr.	104.174 kr.	151.665 kr.	61.279 kr.	99.578 kr.	572.959 kr.	- kr.
Strandabyggð	457	5.256.50 kr.	2.402.221 kr.	655.151 kr.	436.767 kr.	635.882 kr.	256.922 kr.	417.498 kr.	2.402.221 kr.	- kr.
	7.115		37.400.000	10.200.000	6.800.000	9.900.000	4.000.000	6.500.000	37.400.000	-

(\* Tillaga um óbreytt framlag frá samþykkt 4. haustþings Fjórðungssambands Vestfirðinga  
(\*\* tillaga um sama framlag og samþykkt var á 4. haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga og rennur til reksturs og markaðssetningar samkvæmt samningi við Vestfjarðastofu  
(\*\*\* samningubundin framlög á samningi Fjórðungssambands Vestfirðinga við samgöngu og sveitarstjórnaáætluneyti og mennta og menningarmálaáætluneyti um Söknarsáttun Vestfjarða 2020-2024 um að eitt af áhersluverkefnum tímabilsins verði í menningarmálum samkvæmt samningi við Vestfjarðastofu  
(\*\*\*\* Tillaga um sama framlag og samþykkt var á 4. haustþingi FV 2019, framlag fer til vinnu að umhverfisvotum sveitarfélaga, inni á vegum NAVE fyrir sveitarfélögin. Árgjald sem nemur um 400 þkr á ári eða AÚD 3.770 er innheimt sérstaklega í október  
(\*\*\*\*\*) Sveitarfélögin greiða ekki á árinu 2021 sérstakt tímabundin framlag vegna umheimtrað lifeyrskuldbindingar LSR.

## Þingskjal nr. 24 áður þingskjal 5e. Tillaga um laun og þóknun stjórnar og nefnda FV

### 65. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haust, haldið 10. Október 2020

Tillaga um laun og þóknun stjórnar og nefnda Fjórðungssambands Vestfirðinga

- Stjórnarformaður: 9% af gildandi þingfararkaupi í mánaðarlaun (105.315) og 2% (23.403) af þingfararkaup fyrir aðra fundi en stjórnarfundi.

## 65. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA – HAUST

Haldið í fjarfundi 9. og 10. október 2020

Pinggerð

- Aðrir stjórnarmenn: 4,5% (52.658) fyrir stjórnarfundi
- Formenn nefnda/ráða: 4,5% (52.658) fyrir fund
- Fulltrúar nefnda/ráða: 3% (35.105) fyrir fund

Pingfararkaup er frá 1. janúar 2020, kr. 1.170.169

Greinargerð:

Tillagan byggir á tillögu starfsháttanefndar Vestfjarðastofu um þóknun stjórnar Vestfjarðastofu á ársfundi þann 27. Maí 2020. Tillagan felur í sér óbreytt hlutfall af þingfarakaupi líkt og á síðasta ári. Laun stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga greiðast sem hluti af stjórnarsetu í Vestfjarðastofu. Í starfsáætlun er gert ráð fyrir tveim stjórnarfundum á ári á vegum stjórnar Fjórðungssambands, laun fyrir þessa fundi greiðast af Vestfjarðastofu. Laun nefnda eru greidd af Vestfjarðastofu

### Þingskjal nr. 25 áður þingskjal 5a og 5b. Tillaga að fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga

Fjórðungssamband Vestfirðinga - Fjárhagsáætlun 2021										
	Almenningssamgöngur	Atvinnu og nýsköpunarmál	Bygginga- og vaxtaþróun	Markaðsstofa	Meningarmál	Sóknar-áætlun	Rekstur skrifstofu	Samtals áætlun 2021	Samtals áætlun 2020	Samtals rauntölur 2019
<b>Rekstrartekjur</b>										
Framlög ríkissjóðs	0		15.000.000	16.400.000	0	97.800.000		129.200.000	157.400.000	190.317.591
Framlög Jofnunar sjóðs						0	33.000.000	33.000.000	34.500.000	44.257.373
Framlög Byggingastofnunar		42.750.000						42.750.000	42.693.000	42.693.000
Framlög sveitarfélaga		6.500.000	4.000.000	6.800.000	9.900.000		10.200.000	37.400.000	45.100.000	44.894.724
Aðrar tekjur								10.000.000	10.000.000	2.240.255
Styrkir innan ársins									5.000.000	
Ónotaðir styrkir f.f. ári	5.026.226	3.550.000			1.500.000	6.122.332		16.198.558	53.058.219	71.626.106
Ónotaðir styrkir til næsta árs	0							0	-16.198.558	-53.058.219
Vaxtatekjur						350.000	0	350.000	650.000	2.614.505
	5.026.226	52.800.000	19.000.000	23.200.000	11.400.000	104.272.332	53.200.000	268.898.558	332.202.661	345.585.335
<b>Laun og launáengd gjöld</b>							7.900.000	7.900.000	7.700.000	7.690.303
Framlag til Vestfjarðastofu	500.000	52.800.000	19.000.000	23.200.000	9.900.000	10.000.000	41.200.000	156.600.000	166.712.610	168.967.988
Áhersluverkefni						30.300.000		30.300.000	56.354.164	25.975.000
Græddir styrkir					1.500.000	57.500.000		59.000.000	72.800.000	107.200.000
Niðurfelldir styrkir									0	-1.850.000
Aðkeyptir verktakar	1.000.000							1.000.000	2.000.000	34.993.640
Aðkeypt sérfræðhjómasta	3.526.226					6.122.332		9.648.558	11.800.000	
Annar skrifstofukostnaður							1.700.000	1.700.000	3.855.000	1.467.777
Niður færsla viðskiptakrafa (Markaðsstofa, árgjöld, sýningaþátttaka)									0	700.000
Önnur gjöld							10.200.000	10.200.000	10.000.000	2.324.860
Fyrningar							9.000	9.000	9.000	9.495
Vaxtagatekjur/(vaxtagjöld)										
	5.026.226	52.800.000	19.000.000	23.200.000	11.400.000	103.922.332	61.009.000	276.357.558	331.930.774	347.679.063
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	0	0	0	0	0	350.000	-7.809.000	-7.459.000	271.887	-2.093.728